Skýrsla var tekin af ákærða 30. apríl 2019. Vildi hann þá ekki tjá sig um sakarefnið en staðfesti að hafa nýverið verið í […], […] og Finnlandi og að hafa verið í […] 19. mars 2019. Hann hefði verið með símanúmerið […], en noti það ekki nú, og með netfangið […]. Þá væri hann ekki á neinum samfélagsmiðlum en hefði áður notað Facebook, Whatsapp, Viber og Skype og kannist ekki við netföngin […], […], […], […] eða […]. Sagði hann brotaþola hafa undanfarið tálmað samskiptum hans við barnið þeirra með því að svara honum ekki og ræða ekki við hann og væri umgengni ákveðin einhliða af brotaþola. Hann kvaðst hafa verið símleiðis í samskiptum við […], vinnustað brotaþola, til að reyna að ná í hana þegar eitthvað kæmi upp á og hún svari ekki sínum síma. Kvaðst hann m.a. hafa hringt úr Skype og sagði hugsanlegt að bilun í Skype hefði valdið því að ítrekað var hringt í […]. Kvaðst hann lítil samskipti hafa haft við […] síns, einungis hitt starfsmenn þar á teymisfundum og rætt við […]. Kvaðst hann ekki þekkja tölvukerfi […], […]. Þá vildi ákærði ekki tjá sig að öðru leyti um framburð brotaþola hjá lögreglu. Kvaðst hann ekki kannast við síðuna […] sem stofnuð var 19. mars 2019 né heldur að hafa sett inn á hana 13 kynferðislegar myndir af brotaþola og hlekk eða athugasemd inn á athugasemdakerfi […].

Skýrsla var tekin af ákærða á ný 11. september 2019. Staðfesti ákærði að hafa fengið sendar kynferðislegar myndir af brotaþola á netfangið […]. Kvaðst hann ekki hafa vitað að ætlunin hefði verið að hafa afmæli […] í […]. Þá kvaðst hann hafa átt í einhverjum samskiptum við starfsmenn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu en muni ekki hvert erindið var.

Nánar um sendingarnar og skilaboðin er skírskotað til lýsingar málavaxta í ákæru en þeim er jafnframt ítarlega lýst í framlögðum gögnum.

Ákærði var úrskurðaður í nálgunarbann vegna málsins í sex mánuði frá 30. apríl 2019.

Við rannsókn málsins voru teknar skýrslur af G og H, starfsmönnum […], I, […] brotaþola, og B, en ekki er ástæða til að rekja framburði þeirra.

## II

*Framburður ákærða og vitna fyrir dómi*

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði neitar alfarið sök. Hann kvaðst hafa farið til […] í október 2018 og síðan til […] og aftur til […] í febrúar 2019 og til […] í lok febrúar eða byrjun mars 2019. Hann hefði síðan farið til Finnlands og þar verið handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Kvaðst ákærði ekki geta sagt til um það hvaða tölvupóstnetfang hann hefði notað á tímabilinu janúar til maí 2019. Spurður sérstaklega um netfangið […] sagði ákærði það vera hans netfang og hann hefði örugglega notað það á þessum tíma. Hvað varðar netfangið […] þá kvaðst ákærði einungis kannast við það úr málsgögnum. Það sama eigi við um netfangið […] og hefði hann séð þetta netfang í skýrslutöku hjá lögreglu en ekki notað það sjálfur. Þá þekki hann heldur ekki og hafi ekki notað netföngin […], […] og […]. Þá var ákærða kynnt að í 136. ákærulið í XVIII. kafla ákærunnar væru rakin skilaboð frá netfanginu […], í a- til f-lið. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa sent þau og telja að ekki væri sannað að þessi samskipti hefðu komið frá hans netfangi. Sagði hann að auðvelt væri að falsa netföng en hann hefði ekki skýringar á þessum tölvupóstum. Þá kynnti sækjandi fyrir ákærða að hún teldi að í þessum ákærulið kæmi fram vísun í þær myndir sem sendar hefðu verið úr framangreindum netföngum sem ákærði kvaðst ekki kannast við, t.d. í a-lið en þar segir: „Anything to turn you on“ og í viðhengi er mynd af banana. Kvaðst ákærði ekki hafa skoðað þetta og ekki kannast við þessa tölvupósta. Kvaðst hann ekki vita hver gæti hafa falsað þetta í hans nafni en telji að hvað það varðar beri að rannsaka brotaþola. Þá gæti þetta einnig verið einhver á hennar vegum. Telji hann að sífellt væri að koma betur í ljós að hún væri ekki áreiðanlegt vitni. Þá telji hann að brotaþoli búi sjálf yfir þekkingu til að gera svona. Sé hún t.d. mikið að stilla VPN-þjóna til að horfa á sjónvarp frá […]. Ákærði kvaðst hafa verið í iðnskólanum […] og unnið eitthvað við tölvur, aðallega viðgerðir. Hann hefði hætt því meira og minna árið 2013 og alfarið hætt árið 2015 eftir að lögregla kom heim til hans og „hreinsaði út“ allan tölvubúnað. Síðan þá hefði hann ekki unnið við tölvur. Þetta hefði verið áfall fyrir hann og hann upplifað áfallastreitu og „burnout“. Nú geti hann varla kveikt á tölvu, þær hræði hann. Kvaðst hann ekki hafa verið með tölvu með sér á ferðalögum um […] árið 2018 og 2019.

Þá sagði ákærði hvað varðar 122. ákærulið í VI. kafla, er varðar skilaboð sem send voru á Messenger til B, að þar væri ekki að sjá að neitt klám hefði komið fram. Í gögnum málsins komi fram að þessi Facebook vettvangur hefði verið falskur. Sjálfur hefði hann ekki sent þetta og væri þetta ekki á hans vegum og hann kannist ekki við þessi skilaboð. Einnig sagði ákærði það rangt að hann hefði eytt út gögnum af Facebook.

Sjálfur hefði hann ekki verið með notendaaðgang að Facebook eða Messenger á tímabilinu janúar til maí 2019 og ekki verið á Facebook. Kvaðst ákærði ekki þekkja B eða vita hver hún væri. Hvað varðar 123. ákærulið, er varðaði athugasemd við frétt á vefsíðu […] og hlekk sem sýndi kynferðislega mynd af brotaþola, þá kvaðst ákærði ekki hafa sett þetta inn á síðuna. Þá hefði hann ekki séð gögn um að það hefði verið kynferðisleg mynd á hlekknum en hún finnist ekki þegar reynt væri að opna hann. Þá sagði ákærði, um 124. ákærulið, sem varðar innlegg inn á […] á Facebook, að hann kannist ekki við þetta og hefði ekki séð þetta. Var ákærða kynnt að við athugasemdina kæmi fram sami prófíll og á Facebook og á […] í ákæruliðunum á undan, „X“. Kvaðst ákærði ekki hafa aðra skýringu en þá að einhver annar hefði verið að dreifa myndum í nafni hans. Það hefði gerst a.m.k. tvisvar sinnum áður að útbúinn hefði verið falskur aðgangur með nafni hans. Þá var ákærða kynnt að sami hlekkur hefði verið á frétt […] og sendur hefði verið B og að sækjandi telji að það geti bent til þess að um sama einstakling hefði verið að ræða. Benti ákærði þá á að hlekkir vísuðu ekki endilega þangað sem fólk ætlaði. Hægt væri t.d. að nota DNS-þjónustu sem þá stjórni þessu. Orðaruna á slóð segi þá ekkert um það hvert viðkomandi „fari“.

Ákærði kvaðst ekki kannast við vefsíðuna ibb.co sem vísað er til í 125. ákærulið. Var ákærða kynnt að myndin hefði verið hlaðin inn í gegnum IP-tölu í […] á þeim tíma þegar hann hefði sjálfur verið þar samkvæmt framburði hans. Sagði ákærði þá að viðkomandi þurfi ekki að vera sjálfur staddur þar til að hlaða þar niður í gegnum tölvu. Kvaðst hann ekki kannast við þetta og ekki geta útskýrt nema mjög lítið af því sem gerist á netinu. Það þurfi að hafa einhverja þekkingu til að gera þetta og sagði ákærði að það þurfi svipaða þekkingu og til að stilla á sjónvarpið í […]. Hvað varðar 126. ákærulið, er varðar vefsíðu á Facebook undir nafninu „[…]“, sagði ákærði að í gögnunum komi fram að ríkisborgari […] hefði stofnað síðuna. Kvaðst ákærði ekki kannast við þetta að öðru leyti en að hafa séð gögn um þetta í málinu. Var ákærða kynnt að síðan hefði verið stofnuð í gegnum IP-tölu í […] og sagði ákærði þá að hann búist við að F búi í […] og komi það fram í gögnunum. Geti hann ekki sagt til um það hvers vegna sá maður hefði gert þetta. Í gögnunum sé þetta hins vegar látið líta illa út fyrir ákærða. Þá komi ekki fram hve lengi F hefði verið á Facebook en aðgangur hans hefði verið búinn til árið 2017. Það hefði ekki verið tekið fram í skýrslunni. Sjálfur hefði hann ekki verið í […] árið 2017 að útbúa Facebook-aðgang.

Þá kvaðst ákærði ekki kannast við og ekki hafa notað netföngin […] og […] sem vísað er til í annars vegar 127. ákærulið og hins vegar í 130. Einnig kvaðst ákærði ekki kannast við að hafa birt tvö myndskeið af brotaþola inn á vefsíðunni Chansluts.com, eins og lýst er í 131. ákærulið. Kvaðst hann ekki hafa verið með aðgang að Facebook á þessu tímabili. Hann hefði stundum notað Viber og átt samskipti við brotaþola þar. Kvaðst hann heldur ekki kannast við þau skilaboð sem rakin eru í 132. ákærulið. Var ákærða kynnt að í e-lið komi fram kynferðislegar myndir af brotaþola sem séu sams konar og sendar hefðu verið úr öllum hinum netföngunum. Kvaðst ákærði ekki hafa skýringar á því hvers vegna þessar myndir komi inn í samskipti þeirra. Þá kvaðst hann heldur ekki hafa séð ítarleg gögn hvað varðar samskiptin á Viber. Sagði ákærði að myndirnar væru ekki í hans gögnum. Ákærði kvaðst ekki kannast við þau skilaboð sem rakin eru í 133. ákærulið og talin eru hafa verið send í gegnum Messenger. Sagði ákærði að aðgangurinn sem notaður hefði verið til að senda þetta hefði ekki verið „auðkenndur og þekktur“ og væri hann falskur. Telji hann að þessi gögn séu komin einhliða frá brotaþola og geti hann ekki svarað því hvernig þau urðu til. Bornar voru undir ákærða myndir af blóðugum manni sem samkvæmt gögnum málsins voru sendar brotaþola frá ákærða 31. desember 2018 á Messenger og hann spurður hvort myndirnar væru af honum. Kvaðst ákærði hafa orðið fyrir árás í […] og hefði hann sent myndir af sér á fjölskyldu sína í gegnum Viber. Kvaðst hann hafa sent brotaþola þær á Viber en ekki á Messenger. Einnig hefði orðið uppákoma í […] þegar hann hitti brotaþola og […] þar en þessar myndir væru ekki síðan þá.

Ákærði kvaðst hafa verið með símanúmerið […] á tímabilinu janúar til maí 2019 og vera búinn að vera með það lengi og hafa verið með það árið 2017. Hvað varðar 134. ákærulið þá kvaðst ákærði vera búinn að skoða öll gögn málsins hvað þetta varðar. Virðist sem lögregla hefði tekið síma brotaþola til „rannsóknar“ og hefði stillt forrit sem skoði símann á afritun. Það væri ekki rannsókn á símanum. Þá væri þetta allt tekið úr samhengi og brotaþoli hefði hagrætt og mögulega tekið gögn úr samhengi. Kvaðst ákærði setja stórt spurningamerki við þessi gögn en líklega hefðu „þessi orð“ öll komið frá honum. Þetta sé allt tekið úr samhengi og verið sé að meta orðalag hans sem glæp. Brotaþoli hefði verið búin að þekkja hann í tólf ár. Þá hefði hann aldrei verið í sömu heimsálfu og hún þegar hann sendi skilaboðin og hafi hún því ekkert haft að óttast og hann ekki verið að móðga hana. Sagði ákærði þetta líklega vera allt komið úr hans númeri en langt væri um liðið síðan þetta gerðist. Þá væri þetta mögulega hluti af lengri

samtölum, rifrildi á milli þeirra. Hann hefði einungis verið að vernda barnið sitt og hefði þetta varðað það og rifrildið í kringum […]. Það hefði verið hún sem var að móðga og smána barnið hans, sprauta á […] með vatnsbyssu, rífa […] upp á eyrunum og skilja […] eftir á […] og hefði hún síðan komið aftur þangað með bróður sinn í „laumi“. Það hefði heilmikið gengið á og þetta verið heiftarlegt rifrildi sem mögulega væri slitið úr samhengi. Hvað varðaði skilaboð á tímabilinu 8.-13. janúar 2019 þá hefðu þau öll verið á […]. Brotaþoli hefði komið á hótelið og reynt að hrifsa barnið af honum á meðan bróðir hennar hefði verið með hnefann „framan í honum“. Hann hefði þá farið með barnið á annað hótel og hefðu hann og brotaþoli þá ekki vitað hvar hitt var. Hann hefði sagt brotaþola að bróðir hennar yrði að fara úr þessum aðstæðum og ætti hann ekkert erindi þarna og þá yrði ekkert vandamál. Kvaðst hann hafa beðið brotaþola um að sækja […] sem hefði beðið eftir henni kátur en þetta endað með hálfgerðri ránstilraun. Þau hefðu síðan öll farið saman heim til Íslands. Fyrstu dagana eftir að hann kom heim hefði hann dvalist hjá brotaþola í […] en farið síðan á gistiheimili þar sem honum fannst ekki við hæfi að hann væri hjá henni. Spurður hvort eitthvað hefði komið upp á sem varð til þess að hann fór út af heimilinu sagði ákærði að það komi fram í gögnum málsins að lögreglan hefði komið þangað. Merkilegt sé að frumskýrsla hefði ekki skilað sér í málsgögn og sé hann þá að vísa til skýrslu barnaverndar. Þar komi fram að brotaþoli hefði ekki verið með áverka og ætlaði ekki að leita sér læknisaðstoðar en hefði svo gert það. Þá hefðu fleiri mætt á vettvang 24. janúar en fram komi í gögnum. Brotaþoli hefði hótað honum með hníf og hann forðað sér út.

Hvað varðar 135. ákærulið þar sem vísað er til símtals á milli hans og brotaþola þá hefði brotaþoli tekið símtalið upp í heimildarleysi með einhvers konar njósnaforriti. Væri hann búinn að kæra þetta til persónuverndar og hefði upplifað þetta sem þolandi. Lögreglan hefði svo tekið á móti þessum gögnum eins og það hefði verið heimilt að gera þetta. Sagði ákærði að nú væri honum ekki í fersku minni hvað hann hefði sagt við brotaþola en sagði líklegt að þau hefðu talað saman en það hefði ekki verið neitt saknæmt. Neiti hann ekki fyrir að hafa sagt þau orð sem þarna komi fram þó að hann neiti sök. Eitthvað af þessu hefði hann sagt þegar hann var erlendis og verði að taka það til greina að þá gæti hún ekki hafa verið hrædd. Orðin hefðu verið látin falla í rifrildi þeirra á milli og samhengið komi ekki fram í ákæru. Um sé að ræða þung orð sem látin voru falla í rifrildi þeirra á milli. Þá kvaðst ákærði aldrei hafa fengið sendar kynferðislegar myndir frá brotaþola og heldur ekki frá öðrum en brotaþola. Var ákærða kynnt að hans netfang

hefði verið á tölvupóstsendingum með slíkum myndum sem viðtakandi. Ítrekaði ákærði að hann kannist ekki við að hafa fengið slíkar myndir sendar. Hann hefði heldur ekki tekið af henni kynferðislegar myndir. Var ákærða kynnt að brotaþoli hefði borið um að hún hefði sent honum myndir í upphafi sambands þeirra. Kvaðst ákærði ekki kannast við það og sagði að brotaþoli væri sú eina sem hefði viðurkennt „framleiðslu" á þessum myndum og að hafa haft þær undir höndum. Hann hefði ekki séð þær áður. Sagði ákærði að tölvupóstur skili sér ekki alltaf á þann hátt sem það lítur út fyrir, geti t.d. farið í ruslpóst eða „spam" eða jafnvel til baka, t.d. þegar viðhengi er of stórt. Sjálfur skoði hann ekki ruslpóstinn sinn reglulega og kannist hann ekki við að hafa fengið sendar kynferðislegar myndir af brotaþola.

Ákærða var kynnt að fyrir liggi gögn um skoðun þeirra mynda sem hann er sakaður um að hafa sent. Þar komi fram að myndirnar hefðu verið teknar árið 2006 og einnig komi þar fram hvenær tekið var afrit af þeim og kvaðst ákærði hvorugt hafa gert. Sagði ákærði að með skýrslu lögreglu hefði verið búið að sanna að hann hefði ekki verið nálægt þegar myndirnar voru teknar. Þá hefði hann ekki afritað myndirnar og ekki séð þær fyrr en nýlega. Finnist þær ekki í hans elstu tölvugögnum. Kvaðst ákærði hafa fengið afrit af málsgögnum og hafa farið í gegnum þau eins ítarlega og hann hefði getað. Ákærði sagði að hann hefði kynnst brotaþola árið 2005 á netinu. Hann hefði það ár heimsótt hana til […] en hún komið til Íslands að hann haldi í mars 2006. Þau hefðu byrjað að búa saman árið 2007 á […] og gift sig hjá sýslumanninum til að brotaþoli gæti fengið atvinnuleyfi hér á landi. Um ári seinna hefði verið hægt að fá atvinnuleyfi fyrir […] ríkisborgara hér á landi og hefði hann þá sótt um skilnað enda hefði hann þá ekki þekkt brotaþola mikið. Þau hefðu skilið árið 2008 og eftir það hefði samband þeirra verið slitrótt og ekki mjög náið. Hún hefði stundum verið að vinna annars staðar og búið annars staðar og um tíma farið til […]. Þau hefðu síðan eignast saman barn árið […]. Eftir það var samband þeirra heldur ekki mjög náið en hann hefði alltaf viljað halda sambandinu góðu vegna […] þeirra. Það hefði gengið sæmilega en brotaþoli oft gert hlutina erfiða. Þau hefðu búið saman á nokkrum tímabilum en hann telji að sambúð þeirra með sameiginlegt heimilishald hefði lokið árið 2017 eða 2018. Eftir það hefðu komið upp aðstæður sem ollu því að hann bað um að fá að gista hjá henni en hann hafði þá fótbrotnað. Taldi hann eðlilegt að hann gæti leitað til hennar með slíkt þar sem þau ættu barn saman en þau voru þá ekki í ástarsambandi. Hvað varðar atvik 24. janúar 2019 sagði ákærði að brotaþoli hefði þá „trompast" í kjölfar umræðu um að hann hefði farið, ásamt

vinkonu sinni, með […] þeirra að borða á BSÍ. Hún hefði þá hótað honum með hníf og […] þeirra hefði líka verið […] að öskra á hann. Hann hefði þá forðað sér út. Kvaðst hann ekki hafa verið reiður út í hana og reynt að halda öllu góðu en það ekki gengið upp. Hegðun hennar hefði verið skrítin og hún verið hvatvís en hann hefði líka tekið eftir þessu á […]; eins og hún væri ekki alveg sátt með allt. Ítrekaði ákærði að við meðferð málsins hefði verið brotið á honum og logið að honum. Mikill óhróður hefði verið viðhafður gagnvart honum af dómurum og dómstólum, m.a. í úrskurðum. Þegar hann var í fangelsi í Finnlandi hefði hann ekki verið látinn vita hvenær honum yrði sleppt út, hann fékk ekki túlk og skildi ekkert og var lokaður inni 23 tíma á sólarhring. Engum var tilkynnt um hvar hann væri og hann hefði ekki getað hringt. Þá ítreki hann að sífellt hefði komið betur í ljós að brotaþoli væri ekki trúverðugt vitni en allir virðast trúa því sem hún segi og fyrir því hljóti að liggja einhverjar annarlegar hvatir. Eftir að hafa hlýtt á skýrslur vitna sagði ákærði að vitnið G, starfsmaður […], hefði talað um að hann hefði verið með hótanir sem væri ekki rétt. Þá hefði hún ekki skýrt þessar hótanir nánar. Gerði hann athugasemd við að lögreglumaður nr. […] hefði sett fram álit sitt á því hver hefði hagsmuni af atvikum og hverjir aðrir kæmu til greina. Einnig sagði ákærði að fram hefði komið að F hefði verið að baki þessu og væri hann bæði með símanúmer og aðgang að Facebook síðan 2017 en þetta sé annað en það sem lögreglumaður nr. […] sagði í sínum framburði.

A, brotaþoli, kvaðst hafa verið gift ákærða og eigi þau saman […]. Hún væri frá […] og hefðu þau kynnst á netinu árið 2005 í gegnum spjallsíðu. Eftir að hafa talað saman í nokkra mánuði hefðu þau ákveðið að hittast og hefði hann boðið henni í heimsókn. Þau hefðu síðan skipst á að heimsækja hvort annað en hún komið hingað í desember 2006 og þau hafið sambúð á […]. Þau hefðu gifst í febrúar 2007 svo hún fengi réttindi og gæti sótt um vinnu hér á landi. Eftir um eitt og hálft ár hefðu þau skilið en búið áfram saman. Þau hefðu flutt til Reykjavíkur í árslok 2009 og þá búið í […] og hefði hún byrjað að vinna í […] árið 2010. Þau hefðu skilið nokkrum sinnum eftir þetta en alltaf reynt aftur. Árið 2011 hefðu þau byrjað aftur saman og þá leigt íbúð í […]. Þau hefðu eignast saman […] árið 2012 en sambúð þeirra slitnað árið 2013 og voru þau þá sameiginlega með forsjá […]. Hún hefði flutt með […] á […] og var þá byrjuð í […]. Ákærði hefði síðan misst sína íbúð. Hún hefði þá búið í […] og ákærði spurt hana hvort hann mætti sofa á sófanum. Hefði hún leyft honum að gista á meðan hann væri að finna sér annan stað. Síðan hefði hún misst íbúðina og flutt í […]. Hann hefði viljað flytja þangað og þau reynt

aftur en það ekki gengið og hún þá sagt honum að finna sér annan stað. Þessa íbúð hefði hún leigt þangað til í árslok 2019. Sagði brotaþoli að ákærði hefði á árunum 2015 til 2019 búið reglulega á heimili hennar. Hann hefði farið erlendis í ferðalög en komið til baka til hennar. Þau hefðu búið saman eins og fjölskylda. Í lok ársins 2018 hefðu þau búið saman en ekki eins og par. Hún hefði sofið í herbergi […] þeirra og hefði sambúð þeirra ekki gengið vel. Í október 2018 hefði ákærði farið í ferðalag til […] og hefði hann sagt að hann kæmi ekki aftur til hennar þegar hann kæmi til baka. Þau hefðu verið í sambandi þegar hann var á ferðalaginu og var ákærði einnig í sambandi við […]. Hann hefði vitað að þau voru að fara til […] um áramótin 2018 til 2019 en þau hefðu upphaflega ætlað þangað þrjú saman. Varð það úr að ákærði kæmi þangað einnig. Ákærði hefði ekki getað gist með þeim þar sem þau voru í tveggja manna herbergi og hefði hann því dvalið á nálægu gistiheimili. Þau hefðu byrjað aftur saman en sambandið gengið erfiðlega og hefði hún ekki getað verið með honum lengur. Sagði hún honum á gamlárskvöld að hún væri búin að fá nóg og hann yrði að flytja út þegar hann kæmi heim. Hann hefði orðið reiður og rokið út af veitingastaðnum sem þau voru á. Síðan hefði hann sífellt verið að hringja í hana og viljað fá […] sem þá var sofandi. Kvaðst hún ekki hafa vitað hvað hún ætti að gera þar sem þau voru með sameiginlega forsjá. Hefði hana ekki grunað hvað myndi síðan gerast. Hún hefði farið með […] og dótið […] til ákærða. Ákærði hefði verið mjög reiður og heimtað að hún bæðist afsökunar á Facebook fyrir framan alla vegna þess að hún væri búin að eyðileggja ferðalagið og stemminguna. Hún hefði neitað því og ekki skilið á hverju hún þyrfti að biðjast afsökunar. Hann hefði þá sett inn á Facebook-síðu hennar eitthvað um það hvernig manneskja hún væri og með því grófa mynd af honum eftir að hann lenti í slysi í […]. Þetta hefði hún frétt frá frænku sinni sem sá þetta. Þá væri ákærði búinn að eyðileggja fyrir henni í vinnunni og fleira. Kvaðst hún hafa spurt ákærða hvenær […] kæmi til hennar en hann sagði að það væri ekki að fara að gerast. Hann væri búinn að bóka annað gistiheimili og annað flug og þeir væru að fara í skemmtilega ferð. Hún hefði ítrekað hringt í ákærða en hann ekki svarað. Þá hefði bróðir hennar, sem var þarna með henni, orðið að fara til […] og hefði hún þá orðið ein eftir. Hún hefði beðið eftir að þeir kæmu til að mæta í flugið og loks farið út á flugvöll og beðið þar og sent honum skilaboð en hann ekki svarað. Um einum og hálfum tíma fyrir flug hefði hann sent henni skilaboð og spurt hana af hverju hún væri ekki að sækja […] en það væri um klukkustundar akstur frá […] á flugvöllinn. Ákvað hún að fara ein heim og fá aðstoð til að ná […] og fór allt í rugl eftir það. Hún hefði síðan farið aftur út og þau

á endanum komið saman heim um miðjan janúar og hafði hún þá nokkrum sinnum keypt hótel fyrir þá og miða til baka. Ákærði hefði þá sagt að hann kæmi heim með […] ef hann fengi að búa hjá henni og hefði hún samþykkt að hann fengi að vera hjá henni þar til í lok janúar. Þann 24. janúar hefðu þau farið að rífast. Ákærði hefði misst sig og m.a. hellt á hana mjólk og […] stigið á milli þeirra. Hún hefði verið alveg búin að fá nóg. Þarna var hún komin með öryggiskerfi og með „SOS“ öryggishnapp sem hún ýtti á. Þá hefði verið hringt til baka og hún þá sagt að hana vantaði aðstoð. Ákærði hefði þá skilið að einhver var að koma og tekið dótið sitt og farið. Þau hefðu ekki verið saman eftir þetta.

Brotaþoli sagði að hún hefði alltaf verið í „cc“ þegar myndirnar af henni voru sendar í tölvupósti en hún hefði ekki alltaf skoðað þær. Myndirnar sem hún sá hjá lögreglu séu frá árunum 2006 og 2007 og sjái hún það á útliti sínu á myndunum. Sumar þeirra hefði hún tekið sjálf en muni ekki eftir þeim öllum. Hún hefði tekið myndirnar að beiðni ákærða þegar hún var í […] og þau voru í netsambandi og hittust ekki oft. Hún hefði verið ástfangin af honum og ekki dottið í hug að þetta gæti skaðað hana svona mikið. Hún hefði sent ákærða myndirnar sem hún tók og engum öðrum en sjálf eytt þeim en muni ekki hvort hún sendi honum myndskeið. Þegar hún talaði um að fara frá honum hefði hann sagt að hann myndi senda þessar myndir til fjölskyldu hennar og varð hún þá hrædd og vissi þá að hann var ekki búinn að eyða þeim eins og hann lofaði. Eftir að ákærði fór af heimilinu 24. janúar sendi hann henni og fjölskyldu hennar þessar myndir með „request“ frá öðrum Facebook-reikningi með fölskum aðgangi á kvenmannsnafni sem byrjaði á „R“. Tölvupóstarnir hefðu svo byrjað að berast þegar hún var í veikindaleyfi vegna þeirra atvika sem höfðu áður gerst. Yfirmaður hennar hefði þá hringt í hana og sagt að ákærði væri búinn að senda tölvupóst með grófri kynferðislegri mynd af henni og hefði hún fengið afrit af póstinum og séð þetta þegar hún opnaði hann. Þann 4. febrúar hefði hún séð að það var kominn póstur og hún þá tilkynnt um þetta til lögreglu og gefið skýrslu vegna málsins en tölvupósturinn hefði haldið áfram að berast. Um kvöldið hefði vinkona hennar hringt í hana og spurt hvort þær væru ekki vinir á Facebook og kvaðst hún halda það. Kvaðst vinkona hennar hafa fengið „request“ með ógeðslegum myndum. Brotaþoli sagði að þessar myndir hefðu verið sendar á vini hennar hér á landi, í […] og annars staðar í Evrópu. Kvaðst hún hafa misst sig yfir þessu og grátið og ekki getað opnað síma eða tölvu. Sagði hún póstinn hafa farið á […] þar sem hún starfi enn, á vini á Facebook og á fjölskyldu auk fleiri aðila sem hún hafi tengsl við. Eigi þetta við um gamla vinnustaði eins og […], […] sem sé heimabær hennar, ýmsa staði á […] og á

Íslandi sem hún viti ekki til þess að hún hafi tengingu við, t.d. […]. Einnig hafi hann t.d. sent þetta á sendiráð, […] og […] þar sem til stóð að hafa […] ára afmæli […] hennar nokkrum dögum seinna. Þá hefði hann sent póst á foreldra barna sem voru með […] hennar í bekk og hefðu þeir verið búnir að láta hann vita áður en hún fékk símtal frá […]. Einnig hefði verið búið að senda þetta á […] sem hefði reynt að hafa samband við hana en hún ekki svarað. Kvaðst hún ekki muna hvort […] hefði sagt að ákærði hefði sent myndirnar en hún kvaðst hafa verið viss um að það hefði verið hann sem gerði það. Sé það vegna þess að enginn annar hefði verið búinn að sjá þessar myndir frá henni. Einnig hefði hann sent henni skilaboð frá […] í gegnum Viber þar sem fram hefði komið vísun í þessar myndir. Enginn annar hefði viljað skaða hana svona mikið en hún hefði á þessum tíma verið búin að henda honum út. Þá hefði enginn annar komið til greina sem hefði vitað svona mikið um hana, t.d. viti ekki allir hver frænka hennar er sem fékk send skilaboð í gegnum Facebook. Brotaþoli kvaðst ekki hafa þekkt þessi netföng sem hún var að fá þessar sendingar frá. Sagði hún að ákærði hefði mikla þekkingu á tölvum og hefði unnið við forritun og verið að læra þetta þegar þau kynntust og hefði t.d. farið á námskeið hjá […]. Viti hann meira um tölvur en hún og hefði hún leitað til hans eftir aðstoð á þessu sviði þegar þau voru saman. Sjálf geti hún einungis gert það nauðsynlegasta. Sagði hún ákærða hafa vitað af barnaafmælinu í […] af því að […] hafði sagt honum frá því. […].

Brotaþoli kvaðst telja að ákærði hefði í febrúar og mars 2019 verið í […] en ekki hér á landi. Hann hefði flogið 2. febrúar til […] og verið í […] og […]. Þau hefðu verið í samskiptum á Viber og hefði hann einnig sent henni myndir þar eftir 24. janúar 2019 og talað illa um hana. Hefði hún því lokað á hann þar og á Messenger. Þá hefði hann byrjað að senda tölvupósta. Kvaðst hún síðast hafa fengið sendingu frá honum í lok mars eða byrjun apríl, líklega 4. eða 5. apríl, skilaboð í gegnum síma. Hún hefði síðan frétt að hann hefði verið handtekinn í Finnlandi. Hefðu engar myndsendingar verið á þeim tíma en þær byrjað aftur í sumar, í júní eða júlí en þá hefði verið í gildi nálgunarbann og hefði móðir ákærða verið milliliður milli þeirra vegna […]. Hefði hún strax tilkynnt lögreglu um sendingarnar. Telji hún að um hafi verið að ræða einn eða tvo tölvupósta með skilaboðum. Þá sagði brotaþoli að ákærði hefði einnig tekið myndir af henni en hún viti ekki hvort þær hefðu verið meðal þeirra sem var dreift.

Var brotaþola kynnt að ákærði væri í 133. ákærulið ákærður fyrir skilaboð sem hann sendi henni á Messenger. Sagði hún að ákærða hafi verið tamt að nota við hana

orðfæri eins og „fucked up bitch“ og „heimsk“. Þegar hann væri reiður talaði hann svona. Kvaðst hún kannast við að þessi skilaboð hefðu gengið á milli þeirra. Brotaþoli sagði þau hafa notað Viber, Whatsapp, Skype, og SMS-skilaboð í samskiptum sín á milli. Svona talsmáti af hálfu ákærða hefði verið alls staðar og einnig í símtölum. Kvaðst henni hafa liðið illa þegar ákærði talaði svona við hana. Hún hefði lokað sig inni í herbergi eða farið út. Hún hefði reynt að halda góðu sambandi við hann vegna […] þeirra og gefa honum tækifæri en það ekki gengið vel síðustu árin. Ef t.d. sambandið við fjölskyldu hans hefði gengið illa þá væri það henni að kenna. Ákærði hefði alltaf verið „mjög góður að gefa loforð“. Hún hefði elskað ákærða og ekki skilið að þetta var ofbeldi en það hefði verið útskýrt fyrir henni í byrjun janúar í […] og hún viti nú að það á enginn að tala svona.

Brotaþoli sagði að ákærði hefði notað netfangið […] og var hún í samskiptum við hann í gegnum þetta netfang. Sjálf hefði hún verið með netfangið […]. Var brotaþola kynnt að í a-lið 136. ákæruliðar væru eftirfarandi skilaboð frá ákærða: „Anything to turn you on“ og mynd af bönunum. Sagði brotaþoli að á einni af myndunum af henni hefði hún verið með banana og þess vegna hefði hann sent þetta. Hann væri líklega að láta henni líða enn verr. Væri hann að vísa til þess að þetta gæti orðið meira og minna hana á að hann væri með þessar myndir, þannig skilji hún þetta. Þá hefði ákærði skrifað, eins og rakið er í b-lið: „Kæri gúrkuriðill“ og sagði brotaþoli að hér ætti það sama við. Sagði brotaþoli að þessi skilaboð hefðu verið send henni frá sama netfangi og hann notaði almennt í samskiptum við hana og sé hann með þetta netfang núna.

Brotaþoli sagði að hún hefði ekki getað farið í vinnuna í um þrjá mánuði á þessu tímabili. Hún hefði […]. Þá gangi henni illa að sofa og væri hún ekki sama manneskjan og áður. […]. Einnig hefði hún fengið mikla aðstoð frá yfirmönnum sínum og samstarfsmönnum. Þrátt fyrir þetta væri hún ekki á góðum stað. Í vinnunni leitist hún við að vera ein t.d. í matar- og kaffitímum og væri ekki í eins miklum samskiptum bæði við samstarfsmenn og aðra og áður. Kvaðst hún ekki vera viss hvort ákærði hefði tekið tölvuna með sér þegar hann fór til […] en minnist þess ekki að hún hefði verið heima en hann hefði verið með snjallsíma með sér.

J kvaðst hafa verið […] í […] þegar málið kom upp og var brotaþoli starfsmaður þar. Aðkoma vitnisins að málinu hefði verið að styðja brotaþola og hlusta á hana þegar hún þurfti á því að halda. Það hefðu verið sex starfsmenn sem fengu hver um sig þrjá tölvupósta en sjálf hefði hún ekki fengið póst. Hefði starfsmönnum fundist þetta vera mjög óþægilegt. Hefði hún komið að þessu sem stjórnandi við […]. Hún og […] hefðu

leitað til upplýsinga- og tæknideildar Reykjavíkurborgar og óskað eftir aðstoð við að loka fyrir þessar sendingar. Það hefði verið gert og hættu þær að berast en þá hefðu farið að berast símtöl frá viðkomandi aðila erlendis frá. Þá hefðu þau haft samband við […] og varð það niðurstaðan að lokað var fyrir símtöl til […] erlendis frá, a.m.k. tímabundið. Sjálf hefði vitnið heldur ekki tekið við símtölum. Taldi vitnið að sá sem sendi póstana og hringdi þessi símtöl hefði verið fyrrverandi maður brotaþola. Þau hefðu talið að tölvupóstarnir væru frá honum og hefði hún alltaf tekið þessu þannig að það hefði verið ákærði sem gerði þetta. Þá staðfesti vitnið að hafa sent lögreglustjóranum bréf 12. febrúar 2019 þar sem fram kom að 88 starfsmenn hefðu fengið tölvupóst. Brotaþoli hefði verið frá vinnu um tíma vegna þessara atvika. Mikið rót var á lífi hennar þegar þetta var að ganga yfir en starfsmenn […] studdu hana vel. Hefði henni fundist gott að koma í […], sækja þangað stuðning og vera innan um fólk. Henni hefði ekki liðið vel og hún verið miður sín.

H […] sagði að brotaþoli væri búin að vera starfsmaður í […] í nokkur ár. Hún hefði byrjað sem […] en […]. Aðkoma vitnisins að málinu væri sú að hún hefði fengið tölvupóst, líklega í febrúar 2019, frá ákærða sem innihélt myndir af brotaþola og varð hún fyrir miklu áfalli þegar hún sá þær. Hefðu myndirnar komið frá „skrítnu“ netfangi, […], en ekki með nafni ákærða. Hún hefði ýtt á póstinn og þá hefðu þessar myndir birst. Netfangið með nafninu hans hefði seinna komið inn í myndina. Ákærði hefði sent þrjá tölvupósta á sex netföng í […] og hefðu þeir innihaldið nokkrar myndir. Taldi hún greinilegt að ákærði hefði farið inn á heimasíðu […] og fundið tilviljunarkennt netföng en […] hefði t.d. ekki fengið þessa pósta. Fólk hefði fengið áfall og ekki viljað skoða þetta. Þau hefðu látið upplýsinga- og tæknideild vita og var lokað á netfangið og eytt út pósti sem hafði verið sendur á tiltekin netföng. Kvaðst vitnið telja að þessir póstar hefðu verið frá ákærða. Hann hefði síðan farið að hringja í […] og hertók hann símann þeirra í tvær vikur þannig að ekki var hægt að […]. Þau hefðu þá látið loka á öll símtöl erlendis frá og datt þá allt í dúnalogn í smátíma. Síðan hefði komið póstur frá netfangi með nafni ákærða þar sem hann hefði spurt hvort þau vissu að það væri ofbeldismanneskja við störf hjá þeim og nefndi brotaþola. Sagði hann að hún væri að hertaka barnið hans og nefndi nafnið á barninu. Þessu hefði fylgt hlekkur sem hún átti að ýta á til að sjá að brotaþoli væri ofbeldismaður í uppeldi. Þau hefðu sett sig í samband við lögreglu vegna þessa. Ákærði hefði síðan sent aftur póst og kvartað undan því að hún svaraði ekki póstinum. Vitnið kvaðst hafa frétt að hann hefði tvisvar stofnað tengil á bland.is með nafni […] og

komið af stað umræðu um það hvort það væri ásættanlegt að brotaþoli ynni í […] þar sem hún væri vændiskona. Sagði vitnið að póstarnir væru bæði frá 2019 og 2020. Hún og K deildarstjóri hefðu fengið póst frá netfanginu; […] þann 29. janúar 2020. Þar hefði hann talað um velferð […] og sagt þau hafa haft afskipti af honum sem væri ekki rétt þar sem […]. Einnig hefði hann sent myndband sem átti að sýna brotaþola beita ofbeldi við uppeldi og bað um að vera upplýstur um viðbrögð við erindinu og skrifaði undir með nafni sínu og kennitölu. Í kjölfarið hefði hún fengið tvo pósta frá honum í viðbót þar sem hann ítrekaði beiðni um staðfestingu á móttöku. Myndirnar sem þau fengu hefðu þau sent til lögreglu. Vitnið sagði að nú væri kominn nýr […] í […] og hefði ákærði sent honum tölvupóst með netfanginu […] og var þá að biðja um svipaðar upplýsingar og hann hefði beðið vitnið um.

Vitnið sagði að brotaþola hefði liðið skelfilega eftir þetta og þau þurft að veita henni mikinn stuðning. Brotaþoli hefði um tíma verið í veikindaleyfi og verið mjög miður sín af því að ákærði hefði einnig sent þetta á foreldra […] barnsins hennar. Sagði hún marga starfsmenn hafa fengið mikið áfall þegar þau sáu fyrstu sendinguna sem var hræðileg. Þá sagði vitnið að ákærði hefði verið frekur þegar hann talaði við þau í síma. Starfsmaðurinn sem tók við símtölunum vann við að taka á móti skráningum og hefði hann reynt að ræða við ákærða sem var ekki viðmótsþýður. Símkerfi […] væri með eina lína inn og út og var símkerfið um tíma alltaf á tali vegna ákærða. Vitnið kvaðst ekki geta svarað því hvort hún hefði séð að pósturinn hefði komið frá ákærða. Engar hugmyndir hefðu hins vegar verið uppi um það að þetta gæti verið einhver annar.

G, starfsmaður í […], sagði að þetta hefði byrjað þegar sex eða sjö einstaklingar fengu tölvupóst með hræðilegum myndum og voru gjörsamlega miður sín og sögðu stjórnendum […] frá þeim. Þau hefðu skoðað þetta en ekki vitað hvað þau ætti að gera. Einum til tveimur dögum seinna hefði sami póstur verið sendur til allra starfsmanna […]. Hefði mörgum liðið mjög illa og fólk upplifað þetta sem ofbeldi gagnvart sér. Síðan hefði ákærði byrjað að hringja í […] og vildi að þau beittu sér fyrir því að hann fengi umgengni við […] en brotaþoli er móðir barnsins. Þetta hefði síðan undið upp á sig og hann hefði orðið „agressívari“ og erfiðari og farið að hóta þeim. Þau hefðu sagt honum að þau hefðu ekkert með þetta að gera og sögðu að þau ætluðu sér ekki að ræða þetta meira við hann. Hefði ákærði hringt stöðugt og teppt símann þannig að þau hefðu ekki getað notað hann og hefðu þau talið að hann væri að hringja erlendis frá. Þau hefðu svarað honum nokkrum sinnum en hefðu síðan verið farin að taka upp tólið og leggja það niður aftur. Þau hefðu

haft samband tölvuþjónustu […] en þeir ekki vitað hvað hægt var að gera. Loks hefðu þau haft samband við […] sem hefði lokað fyrir öll símtöl erlendis frá. Sagði vitnið að það hefði verið erfið reynsla að fá svona myndir af samstarfskonu sinni. Brotaþoli hefði farið í veikindaleyfi á meðan það mesta gekk yfir og hefði henni enn liðið illa þegar hún kom til baka og var óörugg gagnvart samstarfsfólki sínu. Vitnið kvaðst hafa rætt nokkrum sinnum við ákærða í síma og hefði viðmót hans verið mjög slæmt og hefði hann þegar á leið farið að vera með hótanir og verið „agressívur“ og erfiður. Í þessum símtölum hefði hann talað um brotaþola sem manneskju sem hefði verið að koma í veg fyrir að hann hefði aðgang að barninu og því til sönnunar hefði hann sent myndir, til að sýna að hún væri ofbeldismaður.

L sagði brotaþola hafa komið í viðtöl í […] og hefði hún talað bæði við vitnið og samstarfsmann hennar. Hún hefði sagt frá því að fyrrverandi eiginmaður hennar hefði beitt hana andlegu, líkamlegu, kynferðislegu, fjárhagslegu og stafrænu ofbeldi. Var nú um að ræða stafrænt kynferðisofbeldi en hann hefði verið að senda af henni myndir og hún ekki verið sátt við það. Henni hefði greinilega liðið mjög illa. Hún hefði svarað spurningum um líðan sína og þar hefði komið fram að hún […]. […]. Vitnið vissi ekki hvort brotaþoli hefði komið eftir að vottorð vegna komu hennar var gefið út 25. febrúar 2019.

M læknir, sérfræðingur í heimilislækningum og starfsmaður á heilsugæslu, sagði brotaþola hafa komið til hans 7. janúar 2019 að því er virtist vegna afleiðinga líkamsárásar. Brotaþoli hefði verið með öll einkenni áfalls. Hún hefði greint frá því að sambýlismaður hennar og barnsfaðir hefði beitt hana ofbeldi. Hann hefði „snappað“ en samband þeirra hefði verið slæmt að sögn brotaþola. Brotaþoli hefði síðan komið aftur 25. janúar 2019 fyrir milligöngu hjúkrunarfræðings og þá einnig lýst því sem hafði verið að gerast á milli þeirra. Ákærði hefði verið ofbeldisfullur og ráðist á hana eftir rifrildi. […] þeirra hefði reynt að róa föður sinn og hann þá slegið […] í andlitið og sparkað í mjóbak brotaþola. Við skoðun hefði sést vægt mar neðarlega vinstra megin í lendhrygg. Bólga hefði ekki verið sjáanleg en hún hefði verið mjög aum við þreifingu. Hefði brotaþoli sýnt trúverðug viðbrögð við mikilli geðshræringu. Þá var hún með miklar áhyggjur og með […] og miklum áhyggjum af […] sínum. Brotaþoli hefði komið í þriðja sinn 31. janúar 2019. Kvíðinn hefði þá verið meira áberandi en í fyrri skiptin. Lýsti brotaþoli því að hún upplifði ógn af ákærða en hann hefði verið að senda henni SMS-skilaboð. Hefði vitnið lýst hana óvinnufæra og var tímabil óvinnufærni síðar framlengt

til 15. mars 2019 eftir símtal við hana 18. febrúar en það sé rangt sem komi fram í vottorðinu að hún hafi þá komið til hans í viðtal. Þá hefði verið augljóst að hún var ekki orðin vinnufær. Sagði hann brotaþola ekki hafa talað við hann um tölvupóstsendingar með viðkvæmum myndum og taldi að hefði hún gert það hefði hann skráð það en svo var ekki. Hann hefði síðan hitt brotaþola aftur 7. september 2020. Hún hefði þá verið með vöðvabólgu og verki í hálsi og var tíðrætt um það sem hafði gerst árið áður og sagði honum að það væri dómsmál í gangi og hefði hún krafist þess að fá fullt forræði vegna […] sem þá var […] ára. Henni hefði einnig liðið illa […], ritað beiðni um sjúkraþjálfun og mælt með því að hún færi í samtalsmeðferð hjá sálfræðingi. Hún hefði ekki fengið tíma hjá sálfræðingi fyrr en í apríl 2021 en þá hefði ekki náðst í hana til að boða í inntökuviðtal.

N, […], miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, sagði brotaþola fyrst hafa leitað til þeirra 21. ágúst 2018. Síðan hefði hún verið í miklu sambandi við þær þegar atvik áttu sér stað á […] þegar ákærði neitaði henni um að fá […] með sér heim. Brotaþoli hefði verið nokkuð reglulega í viðtölum hjá henni og ráðgjafa hjá […] og einnig rætt við lögreglu. Brotaþoli hefði sagt henni frá því að ákærði hefði verið að senda myndir út um allt, til heimalands hennar, yfirmanna í […] sem hún vann í og í aðrar ríkisstofnanir hér á landi. Greindi brotaþoli frá andlegu ofbeldi og ógnunum sem hún varð fyrir þegar þau bjuggu saman og í tengslum við umgengni ákærða við […] og uppeldi þeirra saman á […]. Hefði brotaþoli upplifað mikla vanlíðan, ótta og skömm. Myndirnar hefðu verið teknar þegar góður tími var í þeirra sambandi og hún hafði þá engar áhyggjur af myndunum en það hefði breyst eftir því sem samband þeirra versnaði. Það hefði verið erfitt fyrir hana að vita að myndunum hefði verið dreift og hefði ákærði alltaf látið hana vita hvert hann væri að senda myndirnar. Taugakerfi hennar hefði hrunið og henni liðið mjög illa og hún verið hrædd. Í hennar huga kom ekki til greina að einhver annar en ákærði hefði sent þetta. Vitnið kvaðst hafa skrifað vottorð dagsett 13. maí 2019 og 21. nóvember 2021 vegna brotaþola. Brotaþoli hefði alltaf verið í sambandi og droppað inn í viðtöl þegar hún þurfti stuðning eða réð ekki við aðstæður, t.d. […].

Lögreglumaður nr. […] kvaðst hafa fengið málið til rannsóknar eftir að kæra barst og bréf frá […] um dreifingu á kynferðislegu myndefni. Fram kom að myndirnar hefðu verið af brotaþola sem sagði þær hafa verið teknar mörgum árum áður þegar hún og ákærði voru í sambandi. Einhverjar þeirra voru teknar með hennar vitneskju en ekki allar og var þeim ekki dreift með hennar vilja eða vitneskju. Hefðu myndirnar verið sendar til

aðila sem voru tengdir henni, samstarfsfólks, fólks tengt henni fjölskyldutengslum og til heimalands hennar, að hún haldi í ráðhúsið þar. Sá sem var að dreifa myndunum hefði þekkt hana mjög vel og var brotaþoli strax viss um að það væri ákærði sem var að dreifa þessu. Eftir að búið var að dreifa miklu af þessu myndefni hefðu öll spjót beinst að ákærða. Reynt hefði verið að rekja uppruna sendinga í tengslum við IP-tölur. Reyndust IP-tölur vera tengdar við […] á þeim tíma þegar ákærði var þar en ákærði hefði staðfest að hafa þá verið þar. Ákærði var handtekinn í Finnlandi og fluttur til Íslands og hefði lögregla fundið farseðla við leit í farangri hans, kvittanir frá gistiheimili í […], bréf til lögreglu þar vegna þjófnaðar á símanum hans og stimplað vegabréf. Vitnið kvaðst hafa byrjað að hlusta á þau símtöl sem aflað var og vísað er til í 135. ákærulið. Hefði umræðuefnið verið þannig að ekki fór á milli mála að um var að ræða símtöl á milli ákærða og brotaþola. Sagði vitnið að fleiri en brotaþoli hefðu tilkynnt um tölvupóstana en einnig hefði komið bréf frá […] barns brotaþola og ákærða. Seinna hefði komið í ljós að einhverjir ættingjar brotaþola hefðu einnig fengið sendingar. Vitnið staðfesti þær skýrslur sem hún vann vegna málsins. Tiltók hún sérstaklega að skjáskot af […] […] hlyti að hafa komið frá brotaþola og að sama prófílmynd af ákærða hefði verið notuð vegna myndbirtingar á […] og […] og vegna sendingar til B.

Lögreglumaður nr. […] kvaðst hafa unnið málið í samvinnu við lögreglumann nr. […]. Hefði hann séð um tæknilega hluta málsins og vettvangur verið mikið úti á netinu. Einnig hefði málið verið lifandi þannig að það hefði að sumu leyti verið að gerast á meðan þau voru að vinna í málinu. Þau hefðu sífellt verið að fá meira af upplýsingum og taka við gögnum frá ýmsum aðilum. Hafi hans hlutverk verið að afla gagna og úrvinnsla tölvupóstsendinga. Ekki hefði verið hægt að rekja netföng beint til ákærða með upplýsingum um rétthafa en allt vísaði þetta í „einhverja átt“. Erlendar IP-tölur hefðu verið notaðar á tíma og stað þegar viðkomandi var þar, m.a. í […] og […]. IP-tala sem notuð var við stofnun netfanga var rakin til fjarskiptafyrirtækis þar. Hægt var að staðfesta að ákærði hefði verið í þessum löndum þegar þessi netföng voru stofnuð. Samkvæmt gögnum sem aflað var frá Mailfence var netfangið, […] stofnað 21. febrúar 2019 í gegnum IP-tölu sem skráð var í […] og […] var stofnað 12. mars 2019 og skráð í […]. Hvað varðar netfangið […] þá hefði engin IP-tala fundist á það. Protonmail bjóði upp á frí netföng sem viðkomandi geti stofnað án þess að gefa upp miklar upplýsingar um sig. Það eina sem þurfi að gefa upp sé varanetfang, sem er þá annað tölvupóstnetfang sem tengist öðrum reikningi og sé oftast hægt að finna varanetfang að baki netfangi. Aðrar

upplýsingar eins og símanúmer geti verið „eitthvað bull“. Fyrirtækið hefði ekki verið með neinar upplýsingar sem það gat afhent lögreglu og hefði því ekki verið hægt að rannsaka þetta frekar. Þá sagði vitnið að varanetfang vegna […] hefði verið […] og öfugt. Þá hefði varanetfang vegna […] verið […]. Þá vissi vitnið ekki til þess að svar hefði borist frá […] vegna beiðni um upplýsingar um rétthafa IP-tölu vegna netfangsins […]. Var vitninu kynnt að mynd sem hlaðið hefði verið inn á vefsíðuna ibb.co 17. mars 2019 hefði verið hlaðið niður á IP-tölu frá […] og sagði vitnið þá að sú staðsetning hefði verið talin vera tenging við ákærða. Af þeim gögnum sem aflað var hefði verið hægt að sjá hversu oft hún hefði verið skoðuð, sem var sex sinnum, og lýsigögn myndarinnar. Vitnið kvaðst nú ekki muna hvaða mynd var þarna en hún tilheyrði væntanlega þessu myndasafni sem var gríðarlegt og var sent víða. Inni á Facebook-síðunni […] hefði verið hægt að sjá hversu margir voru í þeim hópi þegar mynd af brotaþola var sett inn á þá síðu og komi fjöldinn fram í skýrslu vitnisins. Ábending um myndina hefði borist í gegnum ábendingakerfi lögreglunnar, en ekki frá brotaþola, og að Facebook-notandi, X, hefði sett myndina inn. Kvaðst vitnið hafa haft samband við stjórnanda […] og hefði þetta líklega verið tekið út af Facebook sem tilkynnt efni. Minnti vitnið að þegar rannsókn hófst hefði X ekki lengur verið notandi á Facebook. Erfitt sé að rekja svona þegar einungis er um að ræða skjáskot og ekki sést „prófíll“. Hvað varðar Facebook síðuna „[…]“ þá hefði verið búið að stofna þessa síðu og setja inn sams konar myndir og höfðu m.a. verið sendar í tölvupósti; nektarmyndir af brotaþola með einhverjum texta. Haft hefði verið samband við Facebook og síðan tekin niður. Einnig hefði hann fengið upplýsingar um þann sem stofnaði síðuna og ritaði vitnið um það skýrslu. Netföng segi frekar lítið en svona síður væru stofnaðar með IP-tölum sem hér væri hægt að rekja til […] eða […]. Síðasta innskráning inn á síðuna hefði farið sömu leið og við stofnun hennar. Var vitninu kynnt að fram kæmi í gögnum að F væri rétthafi símanúmers að baki stofnun síðunnar og væri númerið til á skrá. Sagði vitnið að hægt væri að setja hvaða símanúmer sem er að baki stofnun síðu og með því reyna að villa um fyrir. Komið hefði fram að IP-talan væri skráð í […].

Vitnið kvaðst hafa skoðað þau myndskeið sem fóru í dreifingu á Chansluts og komið hefði fram að þau voru sett þar inn í gegnum TOR-net. Vitnið sagði að þegar við opnum netið og förum inn á síðu þá gæti sú síða fylgst með umferð inn á síðuna og séð þá IP-tölu sem fer inn á hana. Hægt væri að kanna hjá símafyrirtækjum hver væri rétthafi IP-tölunnar. TOR-netið væri gert til að villa um fyrir þessu. Þá er farið inn á vafra sem

er TOR-netið sem „sendir þig“ á nokkra staði áður en þú kemst á leiðarenda. Er þar um að ræða miðlara (server) víðs vegar um heiminn sem erfitt er að rekja og þú færð alltaf nýja IP-tölu á hverjum stað. Það er því önnur tala sem kemur fram þegar þú ert kominn á leiðarenda. Þá sést einungis síðasta IP-talan. Þannig er fullt af milliliðum sem villa um fyrir IP-skráningu og verður rétthafaskráning þá alltaf TOR-net. Ekki þurfi mikla tæknilega þekkingu til að nota þennan vafra. Einungis þarf að sækja vafrann og þá ertu kominn inn á þetta net. Sé þetta sérstaklega notað til að gera það erfiðaða að rekja IP-tölu, þ.e. leyna slóð sinni.

Hvað varðar netfangið […] þá var IP-tala þess rakin til Hern Labs, VPN-þjónustu í Svíþjóð. Gerð hefði verið tilraun til að afla upplýsinga þaðan en þær ekki verið tiltækar. Sagði vitnið að hægt væri að stofna netfang með IP-tölu í Svíþjóð hvaðan sem væri í gegnum þessa þjónustu. Er þér þá úthlutuð IP-tala frá Svíþjóð. Þannig getur þú skipt um IP-tölu og væri þetta ein leið til að fela slóð og villa um fyrir lögreglu. Það komi oft fram á heimasíðum fyrirtækja hvort þau geymi takmarkaðar upplýsingar, hvort gefa þurfi upp takmarkaðar upplýsingar vegna viðskipta eða að þeir skrái ekki alla umferð. Þetta væri gert gagngert til að blekkja eða villa um fyrir fólki.

Hvað varðar netfangið […] þá hefði þar verið að baki sama IP-tala og hvað varðar […] og stofnað í gegnum þessa VPN-þjónustu í Svíþjóð. Borið var undir vitnið hvort hlekkur á netfangið […] hefði verið sá sami og settur var inn á Chansluts og hvort það geti verið að sami aðili hafi sett þetta tvennt inn. Sagði vitnið að ekki væri hægt að svara þessu en einhver annar gæti hafa tekið þetta og sett á síðuna en hann viti ekki hvort það standist tímanlega. IP-talan vegna Chansluts var af TOR-neti. Líkur væru hins vegar á því að þetta væri sami aðili, enginn annar hefði hag af því að dreifa myndum af brotaþola á þennan hátt.

Var vitninu kynnt að fyrir liggi að stór hluti tölvupósts í þessu máli væri til aðila sem tengjast brotaþola en hefði einnig verið sendur brotaþola. Var vitnið spurt hvort viðkomandi gæti hafa afritað viðtakendur úr hennar tölvupósti. Sagði vitnið að ef viðkomandi hefði aðgang að tölvupóstinum hennar gæti hann hafa afritað netföngin og sent á þau, það væri tæknilega mögulegt. Hann þurfi hins vegar að hafa lykilorð og notendanafn og jafnvel símanúmer. Nú orðið sé oft erfitt að hakka sig inn í tölvupóst þar sem notuð er tveggja þátta auðkenning sem síðan er staðfest með kóða sem er sendur í símann. Sagði vitnið að til að stofna IP-tölu í […] þegar þú ert staddur annars staðar þurfir þú að vera í viðskiptum við sams konar fyrirtæki og vitnið nefndi frá Svíþjóð.

Sagði vitnið að fjarskiptafyrirtækið í […] sem IP-talan stafaði frá sé stórt og virt og ólíklegt að það veiti slíka þjónustu. Vitnið sagði að „[…]“ væri norrænt lögreglusamstarf. Haft hefði verið samband þangað til að reyna að afla frekari upplýsinga um IP-tölurnar. Einungis símanúmer hefði verið talið koma frá F sem væri […] ríkisborgari. Ekki hefði verið staðfest að hann hefði þessa IP-tölu en upplýsingar um rétthafa hennar hefðu ekki fundist. Virtist sem skráning rétthafa í […] væri ekki eins góð og hér á landi. Vitnið staðfesti þær skýrslur sem hann vann vegna málsins.

Fyrrum lögreglumaður nr. […] sagði að hans hlutverk hefði að mestu verið yfirferð á gögnum sem bárust lögreglu vegna rannsóknarinnar. Hefði hann farið yfir samskipti á forritum, t.d. Viber og Whatsapp, og komið upplýsingunum í skýrsluform. Einnig hefði hann tekið eina vitnaskýrslu. Varðandi það hvað kom fram í skilaboðum á Viber vísaði vitnið í skýrslur sínar og sagði að þar komi fram hvort skoðað hefði verið hver væri að baki samskiptum. Um hefði verið að ræða deilur á milli tveggja einstaklinga og hefði legið fyrir hverjir voru að deila. Einnig hefði legið fyrir milli hverra skilaboðin á Messenger væru og vísaði vitnið einnig hvað það varðar í skýrslur sínar. Geti vitnið ekki staðfest hvaða einstaklingar væru að baki þeim reikningum eða tölvum þegar reikningarnir voru notaðir og hefði það ekki verið hans hlutverk að rannsaka þann þátt. Kvaðst vitnið ekki geta upplýst hvers vegna þess væri ekki getið í upplýsingaskýrslu um skilaboð á milli ákærða og brotaþola og þegar ákærði hefði virst vera undrandi þegar hann fékk sent kynferðislegt myndband á YouTube af brotaþola. Þá staðfesti vitnið þær skýrslur sem hann vann vegna málsins.

Sérfræðingur tæknideildar nr. […] kvaðst hafa rannsakað þær 140 myndir sem liggja fyrir málinu og skráð um það skýrslu, dagsetta 20. janúar 2020. Geti hann ekki nú upplýst hvaða munir úr öðru lögreglumáli það væru sem myndirnar hefðu verið bornar saman við. Sagði vitnið að tekin hefðu verið skráafingraför af þessum 140 myndum. Notað sé forrit sem skoði myndir og framkvæmi útreikninga. Breytist viðkomandi skrá komi önnur niðurstaða hvað varðar þversummu myndarinnar. Upprunaleg mynd sem tekin er á síma og mynd sem tekin er af mynd á síma væri þá ekki sama myndin. Það sjáist á mismunandi skráafingraförum. Myndir þurfi að vera nákvæmlega eins til að fá sama skráafingrafar. Í skýrslunni komi fram samantekt á lýsigögnum og komi þar fram að myndirnar voru teknar á myndavél sem skilgreind er sem „[…]“ en ekki hefði verið skoðað nánar um hvaða myndavél eða síma væri að ræða. Hefðu myndirnar verið teknar m.a. í 1,2 „megapixles“. Sé þetta miðað við að vélin hefði þá verið rétt stillt og tímasett.

Spurður hvort það eigi að vera hægt að sjá staðsetningu eða „location“ þegar myndirnar voru teknar eða þegar mynd er tekin af mynd og sagði vitnið að það ætti að vera hægt ef myndavélin hefði verið stillt þannig. Lýsigögn vegna myndanna hefðu verið send til frekari skoðunar en vitnið hefði ekki framkvæmt hana. Vitnið kvaðst hafa skoðað sýnishorn af einni mynd og þar komi þetta ekki fram en ekki sé með því hægt að fullyrða um allar myndirnar. Ef um er að ræða myndir sem teknar voru á myndavél fyrir tíu til tuttugu árum þá gæti staðsetning (location) komið fram hafi myndir verið teknar á stafræna (digital) myndavél og vélin hafi haft þann möguleika og verið þannig stillt.

III

*Niðurstaða*

Ákærði er í ákæru ákærður fyrir kynferðisbrot, stórfelldar ærumeiðingar og stórfelld brot í nánu sambandi með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð fyrrverandi eiginkonu sinnar, brotaþola, á árunum 2017 til 2019, eins og nánar er rakið í alls átján köflum með 136 ákæruliðum. Eru brot ákærða í ákæru talin varða við 1. og 2. mgr. 218. gr. b og 233. gr. b almennra hegningarlaga og, eftir atvikum, einnig við 199. gr. a sömu laga, sbr. áður 209. gr. sömu laga. Ákærði neitar sök.

Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum skal hver sá sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, sæta fangelsi allt að sex árum. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að stórfellt brot gegn 1. mgr. geti varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika og þar með hvort brot sé stórfellt skal sérstaklega litið til þess hvort stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hafi hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 23/2016, en með því var 218. gr. b lögfest, segir um lagaákvæðið, sbr. 4. gr. laganna, að við mat á grófleika verknaðar skuli sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda. Með því að háttsemi sé

endurtekin er vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þó sé ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi.

Ákærði byggir varnir sínar m.a. á því að ekki séu uppfyllt skilyrði framangreinds lagaákvæðis hvað varðar tengsl hans og brotaþola. Í athugasemdum með frumvarpinu segir einnig hvað varðar 4. gr. laganna að rétt sé að taka fram að hugtakið sambúðarmaki í skilningi ákvæðisins verði ekki túlkað svo þröngt að nauðsynlegt sé að sambúð hafi formlega verið skráð hjá yfirvöldum svo ákvæðið komi til skoðunar. Áréttað er jafnframt að þótt flest brot í nánum samböndum eigi sér stað innan veggja heimilisins þá hafi brotavettvangur ekki sérstaka þýðingu fyrir beitingu ákvæðisins.

Af framburði ákærða og brotaþola verður ekki annað ráðið en að samband þeirra hafi staðið yfir meira og minna frá því árið 2005 en þau kynntust í gegnum netið og voru upphaflega í samskiptum þar. Þau hófu sambúð á árinu 2007 en giftu sig fljótlega og voru gift í um eitt og hálft ár en hjónabandi þeirra lauk árið 2008 eða 2009. Eftir það hefðu þau síðan tekið saman aftur árið 2011, eignast barn árið […], slitið sambúð sinni aftur, líklega árið […]brota, og búið saman með hléum þar til 24. janúar 2019. Ber þeim saman um að hafa almennt búið saman sem par og verið með sameiginlegt heimilishald nema undir lokin þegar ákærði virðist fremur hafa dvalið á heimilinu með leyfi brotaþola þegar hann var í húsnæðisvanda. Í ljósi lýsingar ákærða og brotaþola á sambandi sínu og þeirra gagna sem fram hafa komið um samband þeirra verður á því byggt að þau hafi verið nákomin í skilningi 1. mgr. 218. gr. b þegar atvik gerðust.

Í athugasemdum með framangreindu frumvarpi er það rakið að ætlunin væri að lagaákvæðið tæki til ofbeldisbrota í nánum samböndum þar sem áhersla yrði lögð á það ógnarástand sem sú tegund ofbeldis getur skapað og þá langvarandi andlegu þjáningu sem því getur fylgt. Var sérstaklega getið um það að líkamsmeiðingaákvæði almennra hegningarlaga næðu eðli málsins samkvæmt einungis til líkamlegs ofbeldis en ekki til andlegs ofbeldis, svo sem kúgana, hótana eða niðurlæginga, sem væri algeng birtingarmynd ofbeldis í nánum samböndum. Væri ákvæðinu ætlað að taka á þessum vanda og með því horfið frá því að líta á ofbeldi í nánum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá viðvarandi ógn og andlega þjáningu sem það hefur í för með sér. Með öðrum orðum þá verði ofbeldisbrot í nánum samböndum virt heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þurfi hvert og eitt tilvik fyrir sig. Er ákvæðinu þannig fyrst og fremst ætlað að ná yfir háttsemi sem staðið hefur yfir í lengri eða skemmri

tíma þótt því verði jafnframt beitt um einstök alvarleg tilvik. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir að ákvæðinu verði að meginstefnu beitt einu og sér en ekki samhliða öðrum refsiákvæðum hegningarlaga. Þó væri hægt að beita ákvæðinu samhliða refsiákvæðum sem hafa hærri refsimörk eða taka til kynferðisbrota, svo sem 194. gr., enda innihalda slík ákvæði jafnan efnisþætti sem hið nýja ákvæði nær ekki fyllilega utan um þótt efnislegt inntak þeirra skarist þó að nokkru leyti.

Í ákvæðinu eru sérstaklega taldar upp verknaðaraðferðir sem nú þegar geta falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt hegningarlögum, þ.e. ofbeldi, hótanir, frelsissvipting og nauðung. Er rakið í athugasemdum með ákvæðinu að ofbeldi í nánum samböndum geti birst á fleiri vegu, svo sem í félagslegu ofbeldi þar sem þolandi er einangraður frá fjölskyldu og vinum og jafnvel komið í veg fyrir að hann geti sótt skóla eða vinnu, andlegu ofbeldi þar sem er beitt grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingu og ásökunum og minni háttar og ítrekuðum hótunum, sem beinast hvort sem er að þolanda eða öðrum honum nákomnum. Í þessu ljósi er lagt til að refsinæmi ákvæðisins verði ekki bundið við verknaði sem nú þegar geta falið í sér refsiverða háttsemi samkvæmt almennum hegningarlögum, heldur taki það jafnframt til þess ef lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum.

Samkvæmt 233. gr. b almennra hegningarlaga skal sá sem móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda, og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar, sæta fangelsi allt að tveimur árum. Ákvæðið var lögfest með 3. gr. laga nr. 27/2006. Í athugasemdum með því er um tengsl aðila vísað til sömu skýringa og hvað varðar 218. gr. b.

Í athugasemdunum er lýst þeim verknaðaraðferðum að móðga eða smána þann sem er manni nákominn. Móðgun í merkingu þessa ákvæðis getur átt sér stað í orðum eða athöfnum. Um skýringu þessa hugtaks ber að miða við þá merkingu sem lögð hefur verið í það hugtak í réttarframkvæmd um beitingu 234. gr. almennra hegningarlaga og í skrifum fræðimanna um það ákvæði. Sama gildir um hugtakið smánun sem fram kemur í 233. gr. a almennra hegningarlaga og er til hliðsjónar hvað það varðar vísað í dóm Hæstaréttar frá 24. apríl 2002, mál nr. 461/2001. Lögð er á það áhersla að samkvæmt orðalagi ákvæðisins væri refsinæmi verknaðarins bundið við það að hann verði talinn fela í sér „stórfelldar ærumeiðingar“. Að þessu leyti er því stigsmunur á grófleika þess verknaðar sem falla mundi undir ákvæðið annars vegar og 234. gr. almennra

hegningarlaga hins vegar. Ákvæðið hefði því einkum það að markmiði að sporna við því að höfð séu í frammi ummæli eða athafnir á milli nákominna sem talið verði, á grundvelli almenns og hlutlægs mælikvarða að feli í sér stórfelldar ærumeiðingar, svo sem ýmsar athugasemdir eða athafnir geranda sem beinast m.a. að útliti, persónulegum eiginleika eða hátterni brotaþola. Meiri líkur verða taldar á því að fullnægt sé skilyrðinu um stórfelldar ærumeiðingar ef fyrir liggur að móðgandi eða smánandi orðbragð eða athafnir á milli nákominna sé endurtekið eða að aðstæður séu að öðru leyti þess eðlis að móðgun eða smánun verður talin alvarleg skerðing á friðhelgi brotaþola. Af þessu leiðir að almennt séð þarf talsvert mikið til að koma að einstakar athugasemdir eða athafnir á milli nákominna eða önnur einangruð tilvik fullnægi þessu skilyrði en leggja þarf sem fyrr heildstætt mat á hvert tilvik fyrir sig.

Í málsgögnum liggur fyrir staðfesting á þeim atvikum sem lýst er í ákæru. Fyrir liggur listi yfir 140 myndir og þær myndir og myndskeið sem koma fyrir í þeim sendingum og færslum sem ákært er fyrir. Samkvæmt framburði brotaþola virðist annars vegar vera um að ræða myndir sem hún tók sjálf árið 2006 þegar hún var í […] og sendi ákærða og hann lofaði að eyða og hins vegar myndir sem ákærði tók sjálfur af henni árið 2007. Ákærði kannast hins vegar ekki við þetta og kveðst hvorki hafa móttekið myndir frá brotaþola né tekið af henni myndir. Við rannsókn á myndunum kom í ljós að þær reyndust allar hafa verið teknar á árinu 2006 með myndavél sömu tegundar. Skiptir ekki máli í þessu samhengi hvort brotaþoli muni eftir myndunum enda er í flestum sendingunum einnig vísað til þess að myndirnar eigi við um brotaþola. Þá er umdeilt er að myndirnar eru af brotaþola. Loks er það mat dómara að myndirnar og myndskeiðin séu kynferðislegar og flestar grófar.

Af málsgögnum og framburði ákærða og brotaþola verður ráðið að samband þeirra hafi verið stormasamt í gegnum tíðina. Brotaþoli lýsti því m.a. í skýrslu sinni hjá lögreglu að hún hefði upplifað mikið ofbeldi, aðallega andlegt. Brotaþoli og ákærði báru bæði um að upp hefði komið ágreiningur á milli þeirra um áramótin 2018 til 2019 þegar þau voru stödd á […] og rekur brotaþoli upphaf málsins til þess tíma. Sagði hún ákærða hafa um áramótin 2018 til 2019 sett mynd af sjálfum sér með áverka á Facebook-síðu brotaþola og gefið í skyn að hún hefði veist að sér og í kjölfarið krafist þess að hún bæði hann afsökunar á Facebook. Fyrir dómi staðfesti ákærði að myndin væri af honum en ekki frá þessum tíma og kvaðst ekki hafa sent hana í gegnum Facebook. Þá liggur fyrir að ákærði var ósáttur við brotaþola eftir að hún vísaði honum á dyr 24. janúar 2019. Um

þetta leyti kvaðst brotaþoli einnig hafa lokað á ákærða á samskiptaforritunum Messenger og Viber. Þau atvik sem lýst er í ákæru, utan þeirra sem getið er um í a- til d-lið 134. ákæruliðar, hófust nokkrum dögum síðar þegar sendir voru tölvupóstar á brotaþola og samstarfsmenn hennar auk fleiri aðila sem henni tengjast, frá nokkrum mismunandi tölvupóstföngum, og birtar athugasemdir um hana á ýmsum stöðum, eins og nánar er lýst í ákæru. Verður af framburði bæði ákærða og brotaþola ráðið að í þessum tveimur tilvikum hafi komið upp ágreiningur milli þeirra og ákærði í kjölfar þess orðið ósáttur við brotaþola. Verður þetta einnig ráðið af þeim samskiptum brotaþola og ákærða sem liggja fyrir í málinu og af lýsingum starfsmanna […] af samskiptum þeirra við ákærða, m.a. í gegnum tölvupóst. Þeir lýstu því að þeim hefðu borist tölvupóstar með kynferðislegum myndum af brotaþola og að ákærði hefði ítrekað hringt í […] og m.a. haldið því fram að brotaþoli væri að tálma umgengni hans við […] og halda því fram að brotaþoli beitti […] þeirra ofbeldi. Eftir að hringingarnar hefðu verið stöðvaðar hefði ákærði sent tölvupósta í eigin nafni sama efnis.

Ákærði neitar alfarið sök. Samkvæmt ákæru voru notuð átta tölvupóstnetföng til að senda myndir af brotaþola. Ákærði kannast við að hafa notað tölvupóstnetfangið […] en telur að hann hafi ekki notað það eins og greinir í ákæru heldur hafi einhver útbúið falskan aðgang og notað hann á þennan hátt. Engu að síður noti hann netfangið enn. Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa notað önnur þau netföng sem rakin eru í ákæru. Samkvæmt rannsóknargögnum er netfangið […] varanetfang vegna […] og öfugt. Þá er síðarnefnda netfangið einnig varanetfang fyrir netfangið […]. Staðfestir þetta tengingu milli notenda þessara þriggja netfanga. Voru síðastgreinda netfangið og netfangið […] stofnuð í gegnum IP-tölu annars vegar í […] 21. febrúar 2019 og hins vegar í […] 12. mars 2019. Fyrir liggur að við stofnun síðunnar var gefið upp símanúmer sem reyndist vera skráð á F. Við rannsóknina tókst ekki að staðfesta frekari tengsl F við sendingarnar. Í framburði lögreglumanns nr. […] kom fram að það eina sem þyrfti til að stofna netfang sem þetta væri virkt varanetfang en aðrar upplýsingar þyrftu ekki að vera réttar og þar með símanúmer. Verður af málsgögnum ráðið að ákærði var í þessum löndum þegar netföngin voru stofnuð auk þess sem ákærði hefur sjálfur staðfest það. Bera framlögð gögn með sér að ákærði noti einnig netfangið […]. Þá er sama IP-tala að baki netföngunum […] og […], sbr. XI. og XII. kafla ákærunnar, sem stofnuð var í gegnum VPN-þjónustu í Svíþjóð. Samkvæmt framburði lögreglumanns nr. […] var ekki hægt að afla frekari upplýsinga um notanda IP-tölunnar. Einnig kom fram hjá honum að ekki væri

nauðsynlegt að viðkomandi væri í Svíþjóð til að stofna IP-töluna þegar þessi þjónusta væri notuð og kom þetta einnig fram í framburði ákærða. Brotaþoli staðfesti fyrir dómi að hafa verið í samskiptum við ákærða á meðan hann var erlendis og bar hún um það hjá lögreglu að hann hafi 25. mars 2019 hringt í sig í gegnum Skype úr sænsku númeri. Bar lögreglumaður nr. […] sérstaklega um að auðvelt væri að afla sér upplýsinga um það í gegnum heimasíðu fjarskiptafyrirtækja hvaða upplýsinga krafist er um viðskiptavini og hversu mikið af gögnum er varðveitt um þjónustu. Í II. og III. kafla ákæru er ákærði talinn hafa notað netföngin […] og […]. Er nafn brotaþola notað í síðarnefnda netfanginu sem bendir til tengingar við ákærða eða brotaþola. Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar um þessi netföng og notendur þeirra en málsgögn bera með sér að reynt hefði verið að afla þeirra.

Fyrir liggur að sami prófíll X fylgdi athugasemd og hlekk sem greinir í 123. og 124. ákærulið. Þá var notaður aðgangur ákærða á Messenger til að senda þau skilaboð og myndir er greinir í 122. ákærulið. Einnig var um að ræða sömu mynd sem send var hvað varðar 122. og 123. ákærulið. Staðfesti ákærði að hafa notað símanúmerið […] a.m.k. aftur til ársins 2017. Hann kannaðist ekki við þau orðaskipti sem lýst er í 132.-133. ákærulið en kvaðst hafa verið í samskiptum við brotaþola í gengum Viber og Messenger. Þá sagði hann orðaskipti sem rakin eru í 134.-136. ákærulið vera slitin úr samhengi.

Þegar litið er heildstætt til þess myndefnis sem greinir í ákæru og þeirra orða sem þar eru höfð eftir ákærða er samræmið augljóst. Myndirnar eru af brotaþola og sýna hana á kynferðislegan hátt og orðanotkun er niðrandi í hennar garð. Ákveðið samræmi er einnig milli innihalds þeirra sendinga sem ákærði neitar fyrir og þeirra sem hann viðurkenndi að hafa sent en telur þó ekki vera refsiverðar, sbr. t.d. efni 134.-136. ákæruliðar. Þá liggur fyrir að í skilaboðum sem ákærði hefur viðurkennt að hafa sent er vísað í t.d. matvæli sem brotaþoli var með á myndunum sem sendar voru í tölvupósti og hann kannast ekki við að hafa sent, t.d. skilaboð sem rakin eru í 136. ákærulið. Að auki eru tvær af myndunum sendar með þeim skilaboðum sem rakin eru í e-lið 132. ákæruliðar. Eru þær því raktar beint til sama aðgangs að Viber og ákærði notaði annars í samskiptum við brotaþola. Einnig eru þau skilaboð sem greinir í 133. ákærulið send í gegnum Messenger aðgang með nafni ákærða. Í skilaboðum sem rakin eru t.d. í VI. kafla er ítrekað vísað til þess að brotaþoli hafi verið að framleiða klámefni síðan 2006 sem er í samræmi við þá tímasetningu sem brotaþoli gaf upp á töku fyrstu myndanna við upphaf

kynna hennar og ákærða sem er í samræmi við framburð ákærða um það hvenær þau kynntust. Samkvæmt framburði brotaþola vissi enginn um þær myndir annar en ákærði.

Þá eru myndsendingarnar og orðanotkun sem rakin eru í ákæru móðgandi og til þess fallin að smána og meiða brotaþola og særa blygðunarsemi hennar. Á það við hvort sem litið er til einstakra setninga sem þar eru tilgreindar eða heildstætt til þeirra orða sem rakin eru í ákæru og þá höfð hliðsjón af þeim skilgreiningum sem vísað er til í þeim lögskýringargögnum sem rakin voru hér að framan. Er jafnframt vísað til dóma sem fallið hafa frá lögfestingu 233. gr. b. Má sem dæmi nefna dóm Landsréttar í máli nr. 218/2019 sem kveðinn var upp 18. desember 2020 og máli nr. 554/2019 sem kveðinn var upp 26. júní 2020. Telur dómurinn sannað með framburði brotaþola að myndunum var dreift án hennar samþykkis. Má þetta einnig ráða af þeim viðbrögðum sem hún sýndi vegna sendinganna og m.a. samstarfsmenn hennar lýstu fyrir dómi. Þá hefur framburður brotaþola verið stöðugur um að ákærði hafi verið sá eini sem fékk myndirnar sendar frá henni, að hún hefði eytt myndunum og ákærði lofað henni að gera það einnig. Hún vissi að ákærði hafði ekki eytt myndunum og hafði áður hótað henni að senda þær til einstaklinga í fjölskyldu hennar, eins og hann er nú m.a. sakaður um.

Ákærði þekkir brotaþola vel eftir að hafa verið í samskiptum við hana hátt í fjórtán ár þegar flest atvik gerðust. Viðtakendur myndanna eru flestir tengdir brotaþola beint eða óbeint. Verður af því ráðið að sá sem dreifði myndunum hafi þekkt líf hennar vel og þá einnig fortíð hennar og það sem var að gerast í lífi hennar. Vissi hann t.d. um afmælisveislu […] og að hún ætti erindi til sýslumanns. Ákærði hafnaði því að hafa fengið myndirnar sendar í upphafi sambands þeirra og að hafa fengið þær sendar með tölvupósti. Er það í andstöðu við framburð hans hjá lögreglu auk þess sem málsgögn benda til þess að hann hafi verið einn viðtakenda þessara pósta. Engu að síður vísar hann í samskiptum sínum við brotaþola til þeirra, sbr. t.d. í 136. ákærulið, og sendi tvær þeirra með skilaboðum á brotaþola í gegnum Viber, eins og að framan er rakið. Þá kemur fram hjá ákærða í skilaboðum sem hann virðist hafa sent brotaþola í janúar 2019 að hann hefði verið að fá slíkar myndir sendar í tölvupósti, sbr. o-liður 133. ákæruliðar.

Óumdeilt er að ákærði ferðaðist til […] á árinu 2019. Hann fór til Danmerkur 2. febrúar og var kominn til […] þann 6. sama mánaðar. Þann 21. febrúar var hann kominn til […] og aftur til […] 6. apríl. Þann 7. apríl flaug ákærði til Helsinki í Finnlandi. Við rannsókn málsins tókst ekki að afla gagna úr síma eða tölvu ákærða eða um notkun hans

á samfélagsmiðlum. Ákærði var ekki lengur skráður notandi að Facebook þegar rannsókn málsins hófst.

Fyrir liggur að sendingarnar hófust eftir að ákærði varð ósáttur við brotaþola í byrjun árs 2019. Þær sendingar er greinir í I-X. og XVIII. kafla ákæru áttu sér stað á þeim tíma sem ákærði var á ferðalagi um […]. Engar sendingar bárust brotaþola eftir að ákærði var handtekinn 7. apríl 2019 þangað til hann var laus úr gæsluvarðhaldi 22. maí 2019. Ekkert er fram komið sem styður það að falskur tölvupósts- eða Facebook-aðgangur hafi verið stofnaður í nafni ákærða og ekkert fram komið um að einhver annar hafi haft hvatir til að vinna gegn brotaþola á þann hátt sem lýst er í ákæru. Eru athugasemdir ákærða um að brotaþoli kunni sjálf að hafa verið að verki fjarstæðukenndar í ljósi allra atvika. Samkvæmt rannsóknargögnum var bæði Facebook og tölvupóstur (gmail) brotaþola með „tveggja þátta auðkenningu“ við innskráningu frá nýju tæki og notaði lögregla við skoðun þessara forrita síma brotaþola til að staðfesta innskráningu. Í ljósi þess, og annars sem fram er komið í málinu, er því hafnað að möguleiki sé á því að utanaðkomandi aðili hafi hakkað sig inn í síma eða tölvu brotaþola og þannig aflað sér upplýsinga um þá aðila sem tölvupóstarnir voru sendir til og sent póstana og staðið að baki öðrum þeim færslum sem greinir í ákæru. Þá liggur fyrir að brotaþoli þekkti ekki hluta þeirra netfanga sem tölvupóstarnir voru sendir á.

Framburður ákærða hefur um margt verið stöðugur í gegnum meðferð málsins og samræmi er milli þess framburðar sem hann gaf hjá lögreglu og fyrir dómi. Þó var misræmi hvað það varðar að fyrir dómi kvaðst hann ekki hafa fengið sendar kynferðislegar myndir af brotaþola í tölvupósti eins og hann sagði í skýrslu hjá lögreglu. Þá er það mat dómsins að skýringar ákærða á atvikum hafi að sumu leyti verið ótrúverðugar. Má þar nefna að brotaþoli hafi sjálf dreift myndefninu og að einhver hafi búið til aðganga með nafni ákærða og notað þá til að dreifa efninu en ákærði noti engu að síður sama tölvupóstnetfang nú. Á sama hátt er ótrúverðugt að óþekktur aðili eða F, […] ríkisborgari, hefði stofnað netföng til að dreifa nektarmyndum af brotaþola á þann hátt sem greinir í ákæru en ekkert nema símanúmer tengi þann mann við hluta af sakarefninu. Þá skortir á að ákærði hafi í sumum tilvikum gefið viðhlítandi skýringar á atvikum og má sem dæmi nefna hvers vegna myndir sem hann hafnar því að hafa undir höndum hafi verið sendar brotaþola í gegnum aðgang hans á Viber, sbr. e-lið 132. ákæruliðar. Loks er ótrúverðugt að ákærði hafi sjálfur ekki séð myndir af brotaþola sem honum voru sendar í tölvupósti á það netfang sem hann notar enn í dag auk þess sem þau

skilaboð sem rakin eru í o-lið 133. ákærulið benda til annars. Framangreind atriði eru mikilvæg við úrlausn málsins. Er það mat dómsins, með vísan til framangreinds, að framburður ákærða sé ótrúverðugur. Verður niðurstaða málsins ekki á honum byggð að því marki sem hann er í andstöðu við annað sem fram er komið í málinu.

Framburður brotaþola um atvik hefur verið skýr og stöðugur í gegnum meðferð málsins. Er samræmi milli framburðar hennar hjá lögreglu og fyrir dómi um þau atriði sem máli skipta. Þá fær framburður hennar stoð í framlögðum gögnum og framburði annarra vitna í málinu og um sumt í framburði ákærða. Er það mat dómsins að framburður hennar sé trúverðugur og verður niðurstaða málsins á honum byggð. Auk þessa verður við úrlausn málsins, hvað alla ákæruliði varðar, litið til þess sem hér að framan hefur verið rakið.

Í 1.-121. ákærulið, sbr. I.-IV. kafla ákæru, er ákærði ákærður fyrir að senda tölvupósta sem taldir eru innihalda kynferðislegar myndir af brotaþola til frá einum og upp í 119 viðtakenda. Er um að ræða eina til 101 mynd í hverjum pósti, eins og nánar er rakið í ákæru. Í þeim skilaboðum sem þar eru rakin koma m.a. fram upplýsingar um brotaþola. Hún er nafngreind, fram kemur að hún er að vinna í […], sem […] eða með börnum, og að hún sé frá […]. Verður af þessu ráðið að sá sem sendi myndirnar þekkti til brotaþola. Þá eru myndirnar að miklu leyti sendar til einstaklinga sem brotaþoli þekkir eða hefur haft samskipti við vegna starfa viðkomandi eða starfa hjá stofnunum sem hún hefur verið í samskiptum við. Eins og að framan er rakið leiddi rannsókn í ljós tengingu á milli margra af þeim netföngum sem notuð voru til að senda myndirnar og oft um sömu myndir að ræða og er það til marks um að sami aðili hafi staðið að þessum sendingum. Þá áttu allar sendingarnar sér stað á meðan ákærði var á ferðalagi um […], eins og rakið hefur verið og voru IP-tölur að baki stórum hluta netfanganna raktar þangað.

Ákærði er í 122. ákærulið ákærður fyrir að senda B kynferðislegar myndir af brotaþola í gegnum Messenger. Fyrir liggur að B er vinkona brotaþola og fékk hún myndirnar sendar í gegnum aðgang með nafni ákærða. Þá er ákærði í 123. ákærulið ákærður fyrir að skrifa athugasemd inn á vefsíðu […] og setja þar hlekk á vefsíðu sem sýndi kynferðislegar myndir af brotaþola. Einnig er hann í 124. ákærulið ákærður fyrir að skrifa athugasemd inn á síðuna […] á Facebook og setja þar kynferðislega mynd af brotaþola. Fyrir liggur að vefsíða […] er almenn fréttasíða öllum opin og að um 34 þúsund manns höfðu aðgang að […] á Facebook þegar færslan var sett þar inn. Í öllum þessum tilvikum var notaður aðgangur með nafni ákærða.

Ákærði er í 125. ákærulið ákærður fyrir að hlaða kynferðislegri mynd af brotaþola niður á vefsíðuna ibb.is. Var IP-tala þess notanda sem hlóð myndinni inn í […] og var það á þeim tíma sem ákærði var þar. Á það einnig við um IP-tölu notanda sem stofnaði vefsíðu í nafni […] eins og ákærði er ákærður fyrir í 126. ákærulið og fyrir að birta þar kynferðislegar myndir af brotaþola. Má af gögnum ráða að sama dag og síðan var stofnuð var nokkrum sinnum farið inn á síðuna í gegnum aðra IP-tölu, einnig frá […]. Ákærði er í 127.-130. ákærulið ákærður fyrir að senda tölvupósta sem taldir eru innihalda kynferðisleg myndskeið af brotaþola. Voru myndskeiðin send í gegnum netföng sem stofnuð voru með IP-tölu í gegnum VPN-þjónustu í Svíþjóð en gögn benda til þess að ákærði hafi áður notað þjónustu sem útvegaði honum IP-tölu þar þrátt fyrir að vera staðsettur annars staðar. Áttu þessar sendingar sér stað sumarið 2019 en ákærði var þá laus úr gæsluvarðhaldi. Þá var það efni sem ákærði er í 131. ákærulið ákærður fyrir að hafa sett inn á vefsíðuna Chansluts hlaðið inn í gegnum TOR-netið og var IP-talan að baki færslunni því ekki rekjanleg. Er þar um að ræða sömu myndskeið og vísað er til í 130. ákærulið og sömu IP-tölu og hvað varðar 127.-130. ákærulið.

Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að afla upplýsinga um rétthafa IP-talna að baki öllum þeim tölvupóstnetföngum sem nefnd eru í 1.-131. ákærulið telur dómurinn engu að síður að ákæruvaldið hafi sýnt fram á augljós tengsl á milli þessara sendinga. Þá liggur fyrir að í öllum þessum tilvikum var um að ræða myndir af brotaþola. Bera flestar sendingarnar skýrt með sér, þegar litið er til orðalags þeirra, að vera atlögur að brotaþola. Þá vísar ákærði til myndanna í samskiptum sínum við brotaþola, eins og síðar er rakið. Þegar litið er heildstætt til málsatvika er það mat dómsins, með vísan til trúverðugs framburðar brotaþola, sem fær stuðning í framlögðum gögnum og þá sérstaklega þeim sem rakin hafa verið hér að framan, að sannað sé þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem þar er rakin.

Í ákæru er háttsemi ákærða samkvæmt 1.-131. ákærulið talin varða við 1. mgr. 199. gr. a, sbr. áður 209. gr. og 1. og 2. mgr. 218. gr. b og 233. gr. b í almennum hegningarlögum. Með vísan til þess sem að framan greinir hvað varðar gildissvið 218. gr. b og sakartæmingu þá verður talið að ákvæðið geti, eftir atvikum, verið beitt samhliða 199. gr. a nái efnisatriði 218. gr. b ekki utan um háttsemi og eigi það jafnframt við um 233. gr. b.

Með lögum nr. 8/2021, sem tóku gildi 17. febrúar 2021, var 199. gr. a lögfest og liggur því fyrir að ákvæðið hafði ekki tekið gildi þegar atvik gerðust. Samkvæmt 1. mgr.

2. gr. almennra hegningarlaga skal, hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, dæma eftir nýrri lögunum, bæði um refsinæmi verknaðar og refsingu. Aldrei má þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum.

Samkvæmt 199. gr. a skal hver sem útbýr, aflar sér eða öðrum, dreifir eða birtir myndefni, texta eða sambærilegt efni, þ.m.t. falsað efni, af nekt eða kynferðislegri háttsemi annars manns án hans samþykkis, sæta sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Samkvæmt 209. gr. skal hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis, sæta fangelsi allt að fjórum árum, en fangelsi allt að sex mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt. Fjöldi fordæma er fyrir því að dreifing myndefnis hafi fyrir gildistöku 199. gr. a verið heimfærð undir 209. gr. almennra hegningarlaga, sbr. t.d. dóm Landsréttar í máli nr. 218/2019 sem kveðinn var upp 18. desember 2020. Er það því mat dómsins að efnislega og með hliðsjón af verknaðarlýsingu í ákæru falli háttsemin undir 199. gr. Er það einnig niðurstaða dómsins að ákærði hafi með tölvupóstsendingunum og færslunum brotið gegn blygðunarsemi brotaþola auk þess sem í þeim fólst smánun og móðgun með ærumeiðingum. Er háttsemin að auki til þess fallin hlutrænt séð. Vegna umfangs og eðlis háttseminnar, sbr. I.-XIII. kafla, og er þá litið sjálfstætt til hvers kafla, teljast brot ákærða vera stórfelldar ærumeiðingar. Verður háttsemi ákærða því jafnframt heimfærð undir 233. gr. b almennra hegningarlaga. Þar sem háttsemi ákærða fólst í því að senda myndefni með athugasemd í tölvupósti en ekki t.d. með hótun eða annarri háttsemi, sem heimfærð verður undir 218. gr. b í sömu lögum, er ákærði sýknaður af broti gegn því lagaákvæði.

Ákærði er í 132.-136. ákærulið ákærður fyrir að senda brotaþola skilaboð sem til þess voru fallin að smána hana og móðga og í e-lið 132. ákærulið einnig kynferðislegar myndir í gegnum samskiptamiðilinn Viber. Ákærði er í 133.-136. ákærulið ákærður fyrir að senda brotaþola skilaboð í gegnum Messenger, SMS-skilaboð frá síma ákærða […], hafa látið orð falla í símtölum og senda skilaboð frá netfanginu […]. Er háttsemin í ákæru talin varða við 1. og 2. mgr. 218. gr. b og 233. gr. b í almennum hegningarlögum en að auki við 199. gr. a, sbr. áður 209. gr. sömu laga, hvað varðar framangreindan e-lið.

Ákærði staðfesti að hafa verið í sambandi við ákærða í gegnum Viber, sbr. 132. ákærulið, og verður af málsgögnum ráðið að þar ræði þau einnig um atriði er varða […] þeirra. Telur dómurinn því að þrátt fyrir neitun ákærða sé óumdeilt að þau skilaboð sem

þar koma fram séu frá ákærða komin. Í ljósi málsatvika þykir sannað að skilaboðin hafi verið send brotaþola í janúar 2019.

Ákærði er talinn hafa sent þau skilaboð sem greinir í 133. ákærulið í gegnum Messenger. Í ljósi málsatvika þykir einnig sannað að þau skilaboð hafi verið send brotaþola í janúar 2019, en þar er vísað til atvik sem bæði ákærði og brotaþoli hafa lýst og áttu sér stað í byrjun janúar þegar […] brotaþola varð eftir á Spáni með ákærða. Þá telst sannað að skilaboðin séu frá ákærða komin en samkvæmt málsgögnum bárust þau frá aðgangi ákærða og er ákærði talinn hafa eytt þeim úr sínum forriti. Þau gögn sem fyrir liggja stafa frá brotaþola sem vistaði samskiptin sérstaklega. Teljast þau vera fullnægjandi til sönnunar um atvik.

Ákærði er í 134. ákærulið ákærður fyrir að senda brotaþola SMS-skilaboð, eins og að framan greinir. Óumdeilt er að ákærði hefur notað símanúmerið sem skilaboðin bárust frá í mörg ár. Þá kvaðst ákærði kannast við skilaboðin en sagði þau tekin úr samhengi og hafa verið hluta af rifrildi á milli þeirra. Af gögnum verður ráðið að í einhverjum tilvikum hafi orðin verið látin falla í rifrildi milli þeirra eða umræðu um atriði sem ágreiningur var um á milli þeirra. Þá bar brotaþoli að algengt hefði verið að ákærði kallaði hana illum nöfnum.

Ákærði er í 135. ákærulið ákærður fyrir að hafa viðhaft í símtali við brotaþola ummæli sem voru til þess fallin að smána hana og móðga. Ákærði kvaðst ekki neita því að hafa sagt þau orð sem þarna eru rakin en kvaðst ekki hafa sagt neitt saknæmt. Orðin hefðu fallið í rifrildi og hann verið erlendis þegar þetta gerðist og hafi brotaþoli því ekki haft neitt að óttast. Brotaþoli tók sjálf upp símtölin og afhenti þau lögreglu en af hálfu ákærða er því ekki mótmælt að það sé rétt sem rakið er í ákæru um innihald símtalanna. Telur hann hins vegar að um ólögmæta upptöku sé að ræða og verði niðurstaða málsins ekki á henni byggð. Samkvæmt 109. gr. laga um meðferð sakamála er sönnunarmat dómara í sakamálum frjálst. Fyrir liggja upptökur af símtölunum í heild sinni. Þá verður á engan hátt ráðið af samtali ákærða og brotaþola að hún hafi hvatt eða ögrað ákærða til að láta orðin falla. Þá metur dómurinn gögnin áreiðanleg en lögregla aflaði þeirra frá brotaþola og er ekkert fram komið sem bendir til þess að átt hafi verið við þau. Í ljósi þess verður niðurstaða málsins byggð á upptökunni.

Ákærði er í 136. ákærulið ákærður fyrir að hafa sent tölvupósta sem innihéldu ærumeiðandi skilaboð sem voru til þess fallin að smána brotaþola og móðga. Tölvupóstarnir voru allir sendir frá netfangi því sem ákærði ber um að nota enn í dag. Er

ekkert fram komið, eins og þegar hefur verið rakið, sem styður þann framburð ákærða að einhver hefði búið til falskan aðgang með nafni hans. Einnig er einkar ótrúverðugt að sá aðili hefði nýtt þann aðgang til að koma á framfæri sambærilegum athugasemdum til brotaþola og ákærði hafði áður gert t.d. með SMS-skilaboðum. Ákærði notar enn í dag netfangið. Með framburði ákærða og brotaþola og framlögðum gögnum telur dómurinn sannað að skilaboðin séu frá ákærða komin.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að sannað sé að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem greinir í 132.-136. Ákærulið. Er nokkurt samræmi er í öllum þessum ákæruliðum hvað varðar orðanotkun. Þá er þar bæði vísað til kynferðislegra mynda af brotaþola sem m.a. voru sendar í tölvupósti, sbr. 1.-131. ákæruliðið, og viðhöfð ummæli sem tengjast beint atvikum sem hafa gerst á milli þeirra. Brotaþola var augljóslega misboðið við háttsemi ákærða og greip hún til þess ráðs að vista skilaboð og taka upp samtöl á milli þeirra. Hafnar dómurinn alfarið þeim vörnum ákærða að orðanotkun hans verði réttlætt með því að um rifrildi milli hans og brotaþola hefði verið að ræða. Er það mat dómsins að í þeim orðum sem rakin eru í 132.-136. ákæruliðið felist smánun og móðgun við brotaþola sem verði lýst á sama hátt og hvað varðar 1-131. ákæruliðið og rakið er hér að framan. Falli þau því undir verknaðarlýsingu 233. gr. b í almennum hegningarlögum með vísan til þeirra skýringa sem þegar hafa verið raktar um efni lagaákvæðisins.

Eins og rakið er hér að framan úr athugasemd er fylgdi 218. gr. b, þá tekur lagaákvæðið ekki einungis til háttsemi sem fyrir gildistöku þess var lýst refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum heldur jafnframt til þess ef lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki felur í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum. Er þar nefnt í dæmaskyni andlegt ofbeldi þar sem er beitt grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingu og ásökunum og minni háttar og ítrekaðar hótanir sem beinast hvort sem er að þolanda eða öðrum honum nákomnum. Þau orð sem rakin eru í þessum ákæruliðum eru keimlík og orðfærið er lítillækkandi í garð brotaþola og verulega gróft og niðrandi og uppnefni viðhöfð um hana. Eru elstu ummælin frá því í árslok 2017 en þau falla annars mestmegnis á fyrstu þremur mánuðum ársins 2019. Telst háttsemin vera margendurtekin sé litið til þeirrar háttsemi sem rakin er í hverjum þessara fimm ákæruliða fyrir sig. Efnislega fellur háttsemin því undir 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum. Verður ákvæði 233. gr. b hins vegar, eins og á stendur, talið tæma sök hvað þetta varðar og er ákærði því sýknaður af broti gegn 1. og

2. mgr. 218. gr. b. Þá verður sú háttsemi sem lýst er í e-lið132. ákærulið jafnframt heimfærð undir 199. gr. a í almennum hegningarlögum með sömu röksemdum og fram koma hvað varðar 1.-131. ákærulið.

Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um framangreinda háttsemi og eru brot hans réttilega heimfærð til refsiákvæða í ákæru, að teknu tilliti til þess sem hér að framan er rakið.

IV

Ákærði er fæddur í […]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 25. ágúst 2021, var ákærði með dómi héraðsdóms […] sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 106. og. 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og dæmdur í sex mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár. Með brotum þeim er greinir í a- til d-lið 134. ákæruliðar hefur ákærði rofið skilorð þess dóms. Með vísan til atvika er það niðurstaða dómsins að láta skilorðið haldast, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, og verður dómurinn því ekki tekinn upp.

Við ákvörðun refsingar er litið til þess mikla fjölda brota sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir, brotin eru alvarleg og gróf og með þeim sýndi hann brotaþola fullkomið virðingarleysi og rauf með grófum hætti trúnað gagnvart henni, sbr. 1., 2., 3. og 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940. Að auki verður litið til 7. töluliðar sama lagaákvæðis en dómurinn metur það svo að einstaklega vítaverðar hvatir hafi legið að baki verknaði ákærða og til 3. mgr. lagaákvæðisins vegna tengsla ákærða og brotaþola. Á ákærði sér engar málsbætur. Rannsókn málsins var umfangsmikil og verður ekki talið að hún hafi dregist úr hófi þótt hátt í eitt og hálft ár hafi liðið frá því rannsókn málsins hófst og þar til málið var höfðað með útgáfu ákæru.

Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni málsins og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár og níu mánuði. Í ljósi alvarleika sakarefnisins eru ekki efni til að skilorðsbinda dæmda refsingu. Til frádráttar dæmdri refsingu kemur gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt vegna málsins, fyrst í Finnlandi frá 8. apríl til 1. maí 2019 og síðan hér á landi frá þeim degi til 22. maí 2019. Kemur gæsluvarðhaldið til frádráttar óslitið og með fullri dagatölu.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu um sakfellingu ákærða og 1. og 3. töluliðar 1. mgr. 69. gr. a í almennum hegningarlögum er gerður upptækur til ríkissjóðs Nokia Android One farsími og Nokia símakort (munir […] og […], munaskrá […]).

V

Af hálfu brotaþola er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum 4.500.000 krónur í miskabætur. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir fjölda alvarlegra brota gegn brotaþola. Olli háttsemi ákærða henni mikilli og langvarandi vanlíðan eins og ráða má af framburði hennar og vottorðum og vætti sérfræðinga sem hún leitaði til vegna þessara atvika og má þar nefna […] og […]. Þá er litið til þess að brotaþoli var þegar komin í veikindaleyfi vegna vanlíðanar vegna þeirra atvika er áttu sér stað í lok desember og janúar þegar tölvupóstsendingarnar hófust. Hefur ákærði með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 4.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta, eins og nánar greinir í dómsorði, en bótakrafan var formlega birt ákærða með fyrirkalli vegna málsins 8. september 2021.

VI

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna við meðferð málsins, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 1.800.000 krónur, og Erlendar Þórs Gunnarssonar lögmanns, 300.000 krónur, og þóknun skipaðra réttargæslumanna brotaþola, Þórdísar Bjarnadóttur lögmanns, 600.000 krónur, og Vöku Dagsdóttur lögmanns, 300.000 krónur. Hefur við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknana verið tekið tillit til virðisaukaskatts og, eftir atvikum, vinnu lögmannanna á rannsóknarstigi. Þá greiði ákærði 963.795 krónur í annan sakarkostnað í samræmi við framlagt yfirlit ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Dagmar Ösp Vésteinsdóttir, settur saksóknari.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjú ár og níu mánuði en til frádráttar dæmdri refsingu komi óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 8. apríl 2019 til 22. maí 2019, með fullri dagatölu.

Upptækur er gerður Nokia Android One farsími og Nokia símakort.

Ákærði greiði A 4.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. febrúar 2019 til 8. október 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 1.800.000 krónur, og Erlendar Þórs Gunnarssonar lögmanns, 300.000 krónur, og þóknun skipaðra réttargæslumanna brotaþola, Þórdísar Bjarnadóttur lögmanns, 600.000 krónur, og Vöku Dagsdóttur lögmanns, 300.000 krónur, og 963.795 krónur í annan í sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)